

Málþing 17. okt. 1997 á Grand hótél í Reykjavík

Frá orðum til athafna

*Samstarf heimila og skóla í
leik- og grunnskólum*

*Samantekt
Menntamálaráðuneytið, janúar 1998*

*Samstarf Heimila og skóla í leik- og grunnskólum.
Frá orðum til athafna*

Janúar 1998

Samantekt erinda og umræðna á málþingi um samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum, sem haldið var á Grand hótél í Reykjavík 17. október 1997. Guðni Olgeirsson deildarsérfræðingur í grunn- og leikskóladeild menntamálaráðuneytisins hafði umsjón með verkinu.

© 1998 Menntamálaráðuneytið

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 5609500
Bréfsími: 5623068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffarng: <http://frodi.stjr.is/mrn>

ISBN 9979–821–922

Prentun: IÐNÚ

Efnisyfirlit

1.	Ávarp: Björn Bjarnason, menntamálaráðherra	5
2	Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna. Réttur nemenda innan skólans.	10
3.	Samvinna heimila og skóla frá ýmsum sjónarhornum.....	11
3.1	Viðhorf og áherslur nemenda- Hilda Guðný Svavarsdóttir og Rannveig Hrólfsdóttir nemendur í 10. bekk Hvaleyrarskóla	11
3.2	Viðhorf og áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga- Sigrún Magnúsdóttir -formaður fræðsluráðs Reykjavíkur	12
3.3	Viðhorf og áherslur Félags íslenskra leikskólakennara- Björg Bjarnadóttir- formaður Félags íslenskra leikskólakennara	13
3.4	Viðhorf og áherslur Faghóps leikskólastjóra- Kristín Dýrfjörð-Faghópi leikskólastjóra	14
3.5	Viðhorf og áherslur Landssamtaka foreldrafélaga í leikskólum- Elísabet Gísladóttir -formaður Samtaka foreldrafélaga í leikskóla í Reykjavík.....	16
3.6	Viðhorf og áherslur Kennarasambands Íslands- Guðrún Ebba Ólafsdóttir - varaformaður Kennarasambands Íslands	18
3.7	Viðhorf og áherslur Skólastjórafélags Íslands- Ragnar Þorsteinsson- skólastjóri Breiðholtsskóla	20
3.8	Viðhorf og áherslur Heimilis og skóla- Jónína Bjartmarz - formaður Heimilis og skóla.....	21
4 .	Samantekt úr umræðuhópum.....	23
4.1	Kennaramenntun og foreldra samstarf í leik- og grunnskólum.....	23
4.2	Meðferð ágreiningsmála (stjórnsýsla skóla).....	25
4.3	Verksvið foreldraráða í grunnskólum, samstarfsvettvangur heimila og skóla ...	26
4.4	Gildi foreldraviðtala í leik- og grunn skólum (Árangursrík foreldraviðtöl)	29
4.5	Um hvað á samstarf heimila og skóla að snúast í leikskóla?	32
4.6	Um hvað á samstarf heimila og skóla í grunnskóla að snúast?	34
4.7	Hlutverk skólanefnda/sveitarstjórna í að efla samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum.....	37
4.8	Sameiginleg baráttumál foreldra og kennara í leik- og grunn skólum.....	39
4.9	Nemendaráð í grunnskólum.....	43
5.	Meginniðurstöður málþingsins	45
6.	Fylgigögn	
6.1	Dagskrá málþingsins	47

6.4 Undirbúningshópur.....	50
6.3 Listi yfir gögn sem fóru til þátttakenda.....	52

1. Ávarp

Björn Bjarnason menntamálaráðherra

Fyrir nokkru hitti ég íslenska konu búsetta í Bandaríkjunum. Áður en hún flutti þangað var hún útvinnandi sem grunnskólakennari. Dvölin í Bandaríkjunum gaf henni tækifæri til að vera meira heima við og nýtti hún tímann meðal annars til að sinna foreldrastarfi í grunnskóla barna sinna. Sagði hún mér, að þetta starf í skólanum hefði opnað henni nýja sýn í skólastarfið. Hún hefði áttað sig á ómetanlegu gildi þess fyrir skólann og kennara, að foreldrar létu sig velferð hans í öllu tilliti nokkru skipta.

Í Bandaríkjunum og víðar hefur verið farið út á þá braut að afhenda foreldrum beinlínis stjórn og rekstur skóla með sérstökum samningi við stjórnvöld. Hefur þetta að sjálfsögðu mælst misjafnlega vel fyrir og margir skólamenn eða kennarar telja enn happadrygra, að skörp skil séu á milli skólans annars vegar og foreldranna hins vegar. Foreldrar hafi ekki endilega nægilegan skilning á uppeldis- og kennslufræðilegum rökum.

Þegar unnið var að því að flytja grunnskólann frá ríki til sveitarfélaga, komst ég stundum svo að orði, að það væri fyrsta skrefið til að flytja skólann í hendur foreldra. Flutningurinn er stærsta einstaka skrefið til valddreifingar sem hefur verið stigið hér á landi.

Sumir drógu réttmæti flutningsins í efa en um hann tókst víðtækt samkomulag milli ríkis, sveitarfélaga og kennara. Á það hefur verið bent núna, þegar grunnskólakennarar og sveitarfélög sitja í erfiðum og viðkvæmum kjaraviðræðum, að í þeirri deilu reyni verulega á það, hvort um of mikið návígi sé að ræða. Rétt er að minna á, að kennarar óskuðu sérstaklega eftir því, að í þrjú ár hefði launanefnd sveitarfélaga samningsumboð gagnvart þeim. Vildu kennarar greinilega, að samningsumboðið yrði ekki í einu stökki afhent einstökum sveitarstjórnnum. Hlýtur það að vera einlæg von okkar allra, sem viljum veg skólastarfs sem mestan, að samkomulag takist um kaup og kjör grunnskólakennara, áður en til verkfalla kemur. Ríkið hefur samið við framhaldsskólakennara og sveitarfélögin við leikskólakennara, hlýtur með góðum vilja að verða unnt að finna viðeigandi lausn fyrir þá, sem starfa í grunnskólum.

Þetta málþing um samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum er haldið undir þeim formerkjum að ræddar skulu ýmsar hliðar á þessu mikilsverða samstarfi. Kjörorð þingsins er Frá orðum til athafna sem lýsir vel þeim vilja aðstandenda málþingsins að efla markvisst samstarf heimila og skóla á fjölmörgum sviðum til að auka árangur skólastarfs og stuðla að aukinni velferð nemenda almennt.

Menntamálaráðuneytið heldur málþingið í samstarfi við Félag íslenskra leikskólakennara, Faghóp leikskólastjóra, Landssamtök foreldrafélaga í leikskólum, Kennarasamband Íslands, Skólastjórafélag Íslands, Landssamtökin Heimili og skóla og Samband íslenskra sveitarfélaga. Sérstakur undirbúningshópur með fulltrúum frá öllum fyrrgreindum aðilum hefur unnið að undirbúningi þingsins.

Undirbúningsvinnan hefur gengið mjög vel og hef ég haft spurnir af því að samstarfsandi í hópnum sé góður. Að mínu viti er slíkur samstarfsandi forsenda þess að umtalsverður árangur náist á málþinginu í dag. Vil ég þakka öllum, sem lagt hafa menntamálaráðuneytinu lið við undirbúning ráðstefnunnar, bæði fulltrúum í undirbúningshópi, samstarfsaðilum, frummælendum, hópstjórum og öllum

Þátttakendum sem lagt hafa á sig óeigingjarna vinnu til þess að gera málþingið sem markvissast. Það er ánægjulegt til þess að vita að allir þessir aðilar geri grein fyrir viðhorfum, stefnu og áherslum í samstarfi heimila og skóla út frá ýmsum sjónarhornum og taki jafnframt höndum saman um að gera slíkan umræðuvettvang mögulegan. Einnig er ánægjulegt að fulltrúar grunnskólanemenda fjalli um gildi samstarfs heimila og skóla út frá sjónarhóli nemenda.

Ég tel að leita eigi í auknum mæli eftir viðhorfum nemenda þegar verið er að fjalla um málefni barna og ungmenna. Jafningjafræðsla framhaldsskólanemenda er eitt skýrasta dæmið um slíkt. Þróunin á að stefna í þá átt að allir aðilar skólasamfélagsins taki þátt í mótun þess, þ.e. starfsfólk skóla, foreldrar og nemendur.

Undirbúningshópurinn lagði til að um lokað málþing yrði að ræða og að hver samstarfsaðili tilnefndi 10 fulltrúa á þingið. Slíkt fyrirkomulag var talið tryggja að umræðan yrði sem markvissust þannig að hægt væri að halda áfram að þróa samstarfið frá orðum til athafna í samstarfi allra þessara aðila að þingi loknu. Dagskrá málþingsins ber með sér að mikil vinna hefur verið lögð í skipulag þingsins og meginviðfangsefni umræðuhópanna eftir hádegið eru hin athyglisverðustu. Þingfulltrúar skipta sér í 9 mismunandi vinnuhópa og ræða um brýn viðfangsefni samstarfs heimilis og skóla, t.d. kennaramenntun, foreldraráð, nemendaráð, hlutverk skólanefnda og sveitarstjórna í að efla samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum og eðli samstarfsins í leik- og grunnskólum. Einnig er ætlunin að fjalla um sameiginleg baráttumál foreldra og kennara í leik- og grunnskólum og verður fróðlegt að heyra niðurstöður þeirrar umræðu. Loks er rætt um stjórnsýslu skóla og meðferð ágreiningsmála en brýnt er að boðleiðir og reglur í þeim málum séu skýrar til að hægt sé að leysa ágreining milli samstarfsaðila í skólasamfélaginu með farsælum hætti.

Þetta málþing á sér allnokkurn aðdraganda sem mér þykir rétt að greina frá í stuttu máli. Haustið 1995 sendu Landssamtök foreldrafélaga leikskóla ráðuneytinu erindi þar sem þess var farið á leit að ráðuneytið stæði fyrir ráðstefnu um samstarf foreldra og skóla. Ráðuneytið tók jákvætt í þessa málaleitan og óskaði eftir tilnefningum frá samtökum kennara og foreldra í undirbúningshóp. Allir aðilar tóku jákvætt í að halda málþing um samstarf heimila og skóla en samtök kennara óskuðu eftir því að málþinginu yrði frestað fram yfir flutning grunnskólans til sveitarfélaga en vinna við flutninginn stóð þá sem hæst. Í upphafi þessa árs var vinna við undirbúningsinn sett af stað að nýju og var Sambandi íslenskra sveitarfélaga boðið að taka þátt í málþinginu í ljósi þess að sveitarfélögin bæru nú ábyrgð á rekstri leik- og grunnskóla. Í dag getur að líta afrakstur undirbúningsvinnu allra þessara samstarfsaðila. Málþingið er þátttakendum að kostnaðarlausu, ráðuneytið greiðir kostnað vegna þinghaldsins og býður þátttakendum upp á veitingar.

Ég fagna því, að þið viljið koma hingað að ræða þetta mikilvæga málefni. Ég tel mikilvægt að fulltrúar frá öllum fyrrgreindum samstarfsaðilum komi saman til að ræða um gildi samstarfs heimila og skóla og raunhæfar aðgerðir til að efla samstarfið. Skólamálaumræða hefur hér á landi einkum verið í höndum starfsfólks skóla, án virkrar þátttöku foreldra. Sjálfsagt þykir í nútímapjóðfélagi að þeim sem hagsmuna eiga að gæta verði gert bæði kleift og skylt að taka afstöðu til afgreiðslu mála sem þá varða. Foreldrar hljóta, næst á eftir börnum, að teljast stærsti hagsmunahópur sem skólakerfið þjónar. Ýmis teikn eru á lofti að breytingar séu að verða á viðhorfum til þátttöku foreldra í skólamálaumræðu. Niðurstöður rannsókna benda og til þess að foreldrapátttaka sé mikilvæg í árangursríku skólastarfi. Í ljós hefur komið í rannsóknum að nálægð foreldra við menntun eigin barna hefur áhrif á þroska þeirra og námsárangur.

Málþingið hefur verið kynnt fyrir verkefnisstjórn endurskoðunar aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla og faglegum umsjónarmönnum við námskrárgerðina er boðið að sitja málþingið og fylgjast með umræðunni. Þess er vænst að nýta megi niðurstöður málþingsins til að móta áherslur í samstarfi heimila og skóla í aðalnámskrá grunnskóla og Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Veigamikill þáttur í endurskoðun aðalnámskrár er að gera grein fyrir eðli samstarfs heimilis og skóla og móta stefnu í þeim efnum. Mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar komi að stefnumótun í skólamálum, þ.m.t. námskrárgerð.

Í nýlegri skýrslu stefnumótunarnefndar um endurskoðun aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla segir m.a, en í nefndinni voru fulltrúar frá öllum stjórnmalaflokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi.: „Skólinn er allt í senn vettvangur menntunar, vinnustaður og samfélag þriggja aðila: nemenda, starfsfólks skóla og foreldra. Góður starfsandi í skólum er grunnur að góðu skólastarfi þar sem hver einstaklingur fær notið sín. Mikilvægt er að samstarfið í skólanum sé byggt á trausti og gagnkvæmri virðingu. Í því sambandi gegna foreldrafélögin mikilvægu hlutverki. Samkvæmt grunnskólalögum skal starfa foreldraráð við hvern grunnskóla. ... Brýnt er að foreldrar fái góðar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skóla t.d. skólanámskrá sem hverjum skóla ber að gera. Einnig er mikilvægt að upplýsingar um námsárangur og mat á skólastarfinu séu aðgengilegar. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf þarf að vera á milli foreldra og starfsfólks skóla. Fjölskylda, skóli og nánasta umhverfi eru sterkustu áhrifavaldar í mótun einstaklingsins, þar vegur ábyrgð foreldra þyngst. Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með skólagöngu barna sinna og stuðli þannig að jákvæðri afstöðu til menntunar. Kynna þarf foreldrum hver réttur þeirra og skyldur eru gagnvart skólagöngu barna sinna. Möguleikar foreldra nemenda í framhaldsskólum til að fylgjast með náminu eru takmarkaðri en foreldra barna í grunnskólum. Nauðsynlegt er að skólar tryggji að foreldrum berist upplýsingar um námsframvindu barna sinna og það starf sem fer fram í framhaldsskólum. Ef vandamál koma upp er áriðandi að boðleiðir séu greiðar og foreldrum sé gerð grein fyrir stöðu nemandans í skólanum. Mikilvægt er að í hverjum skóla séu settar skýrar reglur um meðferð ágreiningsmála sem kunna að koma upp innan skólans. Þær verði unnar í samstarfi foreldra, starfsfólks skóla og nemenda. Nauðsynlegt er að aðilar skólasamfélagsins þekki og virði þessar reglur þannig að enginn vafi leiki á málsmeðferð. Þess skal ávallt gætt að við úrlausn mála séu réttindi allra aðila í heiðri höfð. Velferð nemenda hlýtur ávallt að vera í fyrirrúmi og þess skal ætíð gætt að hagsmunir þeirra hafi forgang.

Kom fram á fundi mínum með stefnumótunarnefndinni síðastliðið vor, að hún leggur ríka áherslu á þennan þátt í áliti sínu og telur hann skipta höfuðmáli, þegar hugað er að árangri í skólastarfi. Að mínu mati er mjög brýnt, að allir átti sig á því, að menntamálaráðuneytið stefnir markvisst að því, að endurskoðun námskráanna verði lokið á næsta ári. Kynning á endurskoðuninni hefur verið nokkur en ég hvet alla, sem vilja gott skólastarf til að láta sig málið varða.

Í þessu samhengi vil ég einnig minna á, að menntamálaráðuneytið hefur sett á laggirnar nefnd til að fjalla um námsráðgjöf á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Í erindisbréfi nefndarinnar er verkefni hennar lýst með þessum hætti: Hún á að semja yfirlit yfir stöðu náms- og starfsráðgjafar á fyrgreindum skólastigum; gera tillögur um hvernig efla megi þátt náms- og starfsráðgjafar í skólastarfi og hverra útbóta sé helst þörf og auk þess skal nefndin einnig fjalla um sérstök úrlausnarverkefni, s.s. brottfall nemenda frá námi og annað sem stuðlar að markvissum framgangi nemenda.

Tel ég, að öflugt starf námsráðgjafa eigi að vera til þess fallið að efla samstarf heimilis og skóla. Þá er ljóst, að námsráðgjafar gegna einnig mikilvægu hlutverki, þegar réttarstaða nemenda er skýrð fyrir þeim og hvaða úrræði þeim eru fær innan ramma

laga um skólastarf. Áherslurnar í því efni hljóta að sjálfsögðu að vera mismunandi eftir skólastigum.

Skyldur stjórnvalda eru skilgreindar í lögum um hin einstöku skólastig.

Í gildandi lögum um leikskóla nr.78/1994 segir: „Leikskólastjóra er skylt að stuðla að samstarfi milli foreldra barnanna og starfsfólks leikskólans með velferð barnanna að markmiði.“ Samkvæmt gildandi Uppeldisáætlun fyrir leikskóla frá 1993 er eitt meginmarkmið í uppeldisstarfi leikskóla að kappkosta „í samvinnu við heimilin“ að efla alhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra og þroska og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega. Til þess að leikskóli geti unnið að þessu markmiði er nauðsynlegt að hafa náið samstarf við foreldra eða forráðamenn barnanna. Jákvætt og traust samband milli foreldra og leikskólakennara stuðlar að öryggiskennnd barnanna. Í gildandi reglugerð um starfsemi leikskóla (nr.225/1995) eru ákvæði um að samstarf leikskóla við foreldra skuli byggja á þeirri forsendu að foreldrar beri aðalábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna. Samstarfið skuli fara fram í daglegum samskiptum og sérstökum viðtölum starfsmanna og foreldra og samstarfi á vettvangi félags foreldra. Gera skal ráð fyrir að samstarfið nái jafnt til samvinnu um ytri starfsskilyrði og umhverfi leikskóla og atriða sem varða uppeldishlutverk leikskólans, innan ramma uppeldisáætlunar.

Í markmiðsgrein gildandi grunnskólalaga (nr. 66/1995) segir: „Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.“ Í lögunum er nýtt ákvæði í 16. gr. um þriggja manna foreldraráð við hvern grunnskóla. Foreldraráði er ætlað að fjalla um og gefa umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólalagðið, fylgjast með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra. Menntamálaráðuneytið lagði á síðasta ári könnun fyrir skólastjóra grunnskóla um stofnun foreldraráða og óskaði jafnframt eftir viðhorfum skólastjóra til þeirra. Þá höfðu verið stofnuð foreldraráð við 71% grunnskóla og almennt voru skólastjórar sáttir við ákvæði um foreldraráð og starfsemi þeirra. Foreldraráð hafa nú þegar fest sig í sessi í grunnskólum einungis einu til tveimur árum eftir gildistöku grunnskólalaga og því verður að álykta að full þörf hafi verið á þessu lagaákvæði.

Til þess að starfsmenn skóla, nemendur og foreldrar geti áttað sig á hlutverki sínu og stöðu er nauðsynlegt að miðla sambærilegum upplýsingum, sem gefur mynd af stöðu einstakra skóla. Í upphafi þessa árs var í fyrsta sinn skýrt opinberlega frá niðurstöðum samræmdra prófa með þeim hætti, að unnt er að bera saman skóla. Var birtingin í samræmi við nýja reglugerð um samræmd próf en byggðist einnig á nýsettum upplýsingalögum, sem skylda opinberar stofnanir til að miðla upplýsingum til almennings.

Ég geri mér grein fyrir því, að samræmd próf segja ekki allt um gæði skólastarfs. Þau eru hins vegar tiltölulega einföld mælistika, þótt framkvæmd prófanna sé flókin og sæti oft gagnrýni. Hefur ráðuneytið unnið markvisst að því undanfarna mánuði að setja nákvæmari reglur um alla þætti samræmdu prófanna meðal annars með nýgerðum samningi við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, sem annast framkvæmd prófanna í umboði ráðuneytisins. Jafnframt vinnur ráðuneytið að athugun á því, hvort breyta beri eðli samræmdra prófa úr grunnskóla á þann veg, að þau byggist á rétti nemenda til að taka prófin, enda veiti þau ákveðin réttindi, en ekki á skyldu til að taka þau eins og nú er.

Ég nefni þetta atriði hér, því að ég tel, að samstarf heimila og skóla þróist ekki á farsælan hátt nema unnt sé að meta árangur á öllum sviðum skólastarfs.

Góðir áheyrendur!

Foreldrar vilja, að skólastarf skili árangri, nemendum miðar ekki fram á við nema þeir beiti sjálfa sig aga og honum sé haldið uppi í skólunum og kennarar vilja að í námskrá felist skýr markmið, sem unnt sé að ná með markvissum vinnubrögðum. Þessi þrjú orð: árangur, agi og markmið lýsa að mínum dómi inntaki góðs skólastarfs.

Allar rannsóknir hníga að því, að samstarf heimila og skóla og aukin þátttaka foreldra í skólastarfi hafi afgerandi áhrif á námsárangur nemenda og almenna velferð.

Foreldrar bera mikið traust til skóla og kennara. Í augum foreldra er skólastarf almennt ekki framandi, því að öll höfum við í lengri eða skemmri tíma setið á skólabekk og getum því vísað til sameiginlegrar reynslu, þegar um skólann er rætt. Við vitum hins vegar einnig, að námsárangur snýst ekki síst um kennarann og áhrif hans á okkur. Samstarf heimila og skóla ber ekki þann árangur, sem að er stefnt, ef kennarinn er ekki virkur þátttakandi í því. Samstarf foreldra við skólastofnun er lítils virði, ef það nær ekki til kennaranna. Mikilvægt er, að kennaramenntunin ýti undir samstarfsanda í garð foreldra.

Ég vil ítreka þakkir mínar til undirbúningshópsins og annarra sem unnið hafa ötullega við að gera þetta málþing sem best úr garði þannig að það skili raunhæfum árangri til að efla samstarf heimila og skóla hér á landi og stuðla þannig að betri námsárangri í skólum og betri líðan nemenda.

2. Réttur nemenda innan skólans

Pórhildur Líndal, umboðsmaður barna

(Samantekt úr erindi)

Inngangur

Umboðsmanni barna hafa borist fjölmörg erindi um skólamál á þeim tæpu þremur árum sem embættið hefur starfað.

Hlutverk grunnskóla

Það er hlutverk skóla, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Ábendingar

- ***Einelti***
Leita ber eftir skoðunum og tillögum nemenda um hvernig best verður unnið gegn einelti, innan hvers skóla. Skólanámskráin kveði á um leiðir til lausnar innan sérhvers skóla.
- ***Skólareglur og agaviðurlög***
Allir geta verið sammála um að agi verður að vera í skólum, en sá agi verður að vera með jákvæðum formerkjum. Börn vilja reglur - einfaldar og skýrar reglur.
- ***Brottvísun nemenda***
Að vísa barni úr skóla í lengri tíma er stjórnvaldsákvörðun sem verður að byggja á málefnalegum sjónarmiðum.
- ***Brotthvarf nemenda***
Kanna ber fjölda þeirra barna sem flosnað hafa upp úr grunnskóla og ástæður þess svo sem framast er unnt.
- ***Trúnaðartengsl starfsmanna skóla við nemendur***
Grunnskólabörn lúta forsjá foreldra sinna og löggjafinn lítur svo á að það sé fyrst og fremst hlutverk foreldra að tala máli barna sinna gagnvart hinu opinbera.

3. Samvinna heimila og skóla út frá ýmsum sjónarhornum

Í þessum kafla er birt samantekt frá öllum frummælendum á þinginu. Þeir áttu að varpa ljósi á viðhorf, áherslur og sjónarmið ýmissa samstarfsaðila sem koma að skólastarfi, þ.e. nemenda, foreldra, kennara, stjórnenda og sveitarstjórna. Nánari upplýsingar um erindin fást hjá frummælendum eða samtökum þeirra.

3.1. Viðhorf og áherslur nemenda

Hilda Guðný Svavarsdóttir og Rannveig Hrólfsdóttir nemendur í 10. bekk Hvaleyrarskóla

Við vorum beðnar um að vera fulltrúar nemenda á þessu málþingi. Umræðuefnið er samvinna heimila og skóla. Til þess að átta okkur betur á hvað skólafélögum okkar finnst um samvinnu heimila og skóla, ákváðum við að leggja nokkrar spurningar fyrir 10. bekkinga í skólanum okkar, Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Við lögðum könnunina fyrir þriðjudaginn 7. október. Þátttakendur voru 35 nemendur og þeir svöruðu spurningum okkar um útivistartíma unglunga, fjölda viðtala foreldra og kennara, framhaldsskóla, foreldrarölt, samstarfsverkefni í skólanum og einelti.

Hvað finnst svo nemendum um þessi mál?

Niðurstöður okkar eru þessar:

- Reglur um útivistartíma unglunga þurfa að vera sveigjanlegar.
- Viðtöl foreldra og kennara þurfa að vera oft á meðan börnin eru í yngri deildum en eftir því sem ofar dregur þurfa þau ekki að vera eins oft. Aðalatriðið er þó að viðtalafjöldi sé eftir þörfum hvers og eins. Okkur finnst mjög gott að kennarar hafi fastan viðtalstíma vikulega.
- Foreldrar eiga ekki að skipta sé of mikið af vali nemenda á framhaldsskóla en hjálpa þeim við valið ef þeir eru í vandræðum.
- Það eru skiptar skoðanir meðal nemenda í 10. bekk um foreldrarölt.
- Samstarfsverkefni í Hvaleyrarskóla eru ágæt en henta best í 1. - 7. bekk.
- Krakkar í 10. bekk segjast vita um einelti í skólanum okkar. Einelti kemur öllum við, bæði nemendum, foreldrum og kennurum. Það skiptir máli að kennararnir fái alla nemendur í lið með sér við að taka á einelti.

3.2 Viðhorf og áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sigrún Magnúsdóttir formaður fræðsluráðs Reykjavíkur og í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Forsenda farsæls skólastarfs (í leik- og grunnskóla) er samvinna allra aðila, kennara, skólastjórnenda, foreldra og sveitarstjórnarmanna. Sveitarstjórnarmönnum er því ljóst að aukin og skipulögð tengsl við foreldra er leið að markmiði okkar allra að gera góðan skóla að betri skóla.

Hvernig geta sveitarstjórnir eflt samstarfið og bætt við foreldrafélög og foreldraráð? Hvernig eiga sveitarfélög (skólanefndir) að kynna áætlanir um skólahláðið?

Í erindi mínu reyni ég að svara þessum spurningum og greini frá reynslu minni í Reykjavík.

Við höfum stóraukið rekstrarstyrki til foreldrasamtaka.

Við stofnuðum embætti umboðsmanns foreldra og skóla.

Við viljum að hver skóli setji sér skólareglur, sem m.a. taki á samstarfi við foreldra.

Við höfum styrkt upphaf skólagöngu barna með því að:

- efla tengsl á milli skólastiga (leik- og grunnskóla) og bæta samstarfið um nemendur með sérþarfir
- halda foreldranámskeið fyrir foreldra 6 ára barna
- gefa út bæklinginn „að byrja í skóla.“

Megináhersla er lögð á að auka upplýsingagjöf til foreldra.

Skólar sendi viku- eða mánaðaráætlanir heim með börnunum svo foreldrum gefist kostur á að fylgjast með náminu.

Við höfum leitast við að kynna áætlanir okkar t.d. varðandi byggingamál á frumstigi.

- Haldnir voru fundir með stjórnnum allra foreldrafélaga og þeim kynnt úttekt á skólahúsnæði borgarinnar vorið 1996.
- Á grundvelli úttektarinnar var unnin fimm ára áætlun um einsetningu grunnskóla borgarinnar og hún kynnt vorið 1997.
- Mikilvægt er að fulltrúar foreldra vinni síðan með skólastjórnendum og fræðsluyfirvöldum að forsögn að skólabyggingum á hverjum stað.

Við brutum blað varðandi samskiptin núna á haustdögum.

Haldnir voru hugarflugsfundir með foreldraráðum allra skólanna í Reykjavík um markmið og áhersluþætti í skólamálum.

Yfirskrift „orð eru til alls fyrst.“

- Beðið var um hugmyndir frá foreldraráðum áður en farið var að vinna starfsáætlun fyrir árið 1998 og þau spurð hvað þau legðu áherslu á varðandi skólastarfið.
- Hvernig við vinnum úr ábendingum foreldra verður kynnt á sameiginlegum fundi áður en fjárhagsáætlun borgarinnar er samþykkt.

Lokaorð: Undirrituð sat í nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um samstarf heimila og skóla fyrir 15 árum, það er því ánægjulegt að geta stuðlað að því að koma „orðum til athafna.“

3.3 Viðhorf og áherslur Félags íslenskra leikskólakennara

Björg Bjarnadóttir fomaður Félags íslenskra leikskólakennara

Atriði sem leikskólakennarar álíta að þeir þurfi að hafa í huga í daglegum samskiptum við foreldra:

- Hvernig tala leikskólakennarar um foreldra og við þá?
- Foreldrar þurfa að finna að það sé tekið mark á þeim og hlustað á þá.
- Foreldrar verða að geta spurt leikskólakennara spurninga án þess að þeir fari í vörn og fá svör við spurningum sínum.
- Að leikskólakennarar mæti foreldrum af virðingu og á jafnréttisgrundvelli.
- Að leikskólakennarar virði margbreytileg viðhorf foreldra.
- Að leikskólakennarar hugi að óbeinum skilaboðum foreldra sem fara fram án orða t.d. með líkamsbeitingu og tónfalli í rödd.
- Að leikskólakennarar muni eftir samskiptum við alla foreldra, líka þá hlédrægu.
- Leikskólakennarar verða að upplýsa foreldra og foreldrar verða að sýna áhuga.
- Daglegu samskiptin þegar komið er með börnin og þau eru sótt eru mikilvægust og á þau ber að leggja áherslu. Þar er byggt upp það traust sem er forsenda góðrar og gefandi samvinnu milli foreldra og leikskólakennara.
- Til að geta sinnt þessum þætti betur í starfsemi leikskóla þarf að gera ráð fyrir og viðurkenna tíma fyrir þessa vinnu.

Spurningar sem fram hafa komið í umræðum leikskólakennara um foreldrasamvinnu

- Hverjar eiga starfsreglur leikskólanna að vera í foreldrasamvinnu?
- Hvar og hvernig skarast ábyrgð og valdsvið foreldra og leikskólakennara?
- Eiga foreldrar að hafa áhrif á faglegt starf leikskólanna og þá hversu mikið og á hvaða þætti helst?
- Hver er réttur foreldra ef um byltingarkennda stefnubreytingu á uppeldisstarfi leikskólans er að ræða?
- Eiga foreldrar að hafa rétt til að sitja starfsmannafundi?
- Eiga foreldrar að eiga aðgang að fundargerðum leikskólans?
- Hvert á verksvið foreldrafélaga að vera?
- Er það fyrst og fremst stuðningur við leikskólann og krydd í tilveruna t.d. í skemmtiferðum eða á það að hafa áhrif á skipulagningu skólaársins að hausti og meta starfið í lok vetrar?
- Með hvaða hætti eiga foreldrar að koma hugmyndum sínum og vilja á framfæri?

Einnig vangaveltur og spurningar eins og:

- Á félagið að hafa formlega samvinnu við foreldrasamtökin og þá í hvaða formi?
- Á félagið að hafa formlega samvinnu við önnur kennarafélög um form á foreldrasamvinnu til að stuðla að auknu öryggi barna og foreldra við flutning á milli skólastiga.
- Er það á ábyrgð leikskólakennara að fylgja börnum upp á næsta skólastig? Hver á að hafa frumkvæði að þeirri samvinnu?

3.4 Viðhorf og áherslur Faghóps leikskólastjóra

Kristín Dýrfjörð lektor við Háskólann á Akureyri

Ein aðalforsenda gæða í starfi leikskóla og vísbending um að svo sé, er talin vera gott samstarf við foreldra, að foreldrasamstarf sé vel skipulagt og starfsfólk leikskóla hafi virkt samstarf við foreldrana. Að foreldrar séu upplýstir um hvað starfsfólk leggur áherslu á í uppeldistarfi, hvernig tekið er á málum sem upp koma, hversu oft á ári foreldrafundir og foreldrasamtöl eru.

Lögum samkvæmt er leikskólastjórum skylt að styðja við foreldrasamstarf. Það gera þeir með því að stuðla að stofnun foreldrafélaga og með góðu fordæmi og stuðningi við starfsfólk leikskóla. Það er ljóst samkvæmt bæði lögum og reglugerð að leikskólum ber að styrkja foreldra og styðja við uppeldi barna. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldinu en leikskólinn er viðbót við það uppeldi sem á sér stað á heimilum. Af þessu má vera ljóst mikilvægi þess að gott samstarf sé á milli þessara aðila.

Hvernig er þessu samstarfi svo háttað? Hérlendis er algengast að leikskólakennarar noti tækifærið þegar verið er að koma með barnið eða sækja það til að rabba við foreldrana um það sem er að gerast í leikskólanum. Þetta eru forréttindi sem við leikskólakennarar höfum fram yfir margar aðrar uppeldisstéttir að vera í svo nánum og afslöppuðum tengslum við foreldra. Þarna skapast traust og tengsl milli leikskóla og heimila. Leikskólakennurum finnst þetta rabb ekki vera nógu markvisst. Þeir telja að árangursríkara sé að koma upplýsingum á framfæri við foreldra, hvort heldur upplýsingum sem snerta almenna þætti leikskólastarfsins eða þætti sem snerta málefni einstakra barna, í formlegum viðtölum við foreldra. Foreldrar sem eru í góðum tengslum við starfsfólk fara ánægðir og öruggir til starfa sinna. Sú þekking og það traust sem foreldrar bera til leikskólans hefur líka áhrif á barnið og það upplifir ekki spennu og öryggisleysi á þessum viðkvæma tíma þegar það er að kveðja foreldrana.

Formleg viðtöl í leikskólanum eru einnig nauðsynleg. Þau eru réttur og skylda foreldra og leikskólakennara, réttur foreldra til að fá upplýsingar og miðla upplýsingum um barn sitt, skylda foreldra til að hitta og ræða við það fólk sem hugsar um og menntar börnin þeirra. Á sama hátt er það réttur leikskólakennara að fá upplýsingar frá foreldrum sem auðvelda barninu leikskólaveruna og hefur áhrif á daglega líðan þess. Það er ennfremur skylda leikskólakennara að taka viðtöl við foreldra til að miðla upplýsingum *til þeirra*, sem bera meginábyrgð á uppeldi barnanna. Ekki má vannmeta annarskonar samstarf s.s. daglegar upplýsingar á töflum í fataklefum, fréttabréf, sameiginlegar uppákomur barna, foreldra og starfsfólks og foreldrafundi.

Ástralskur fræðimaður í leikskólafræðum J. Rodd (1995) telur að starfsfólk leikskóla ætti að líta á foreldra sem bandamenn sína frekar en andstæðinga, sem koma á framfæri upplýsingum um það sem er að gerast í leikskólanum út í þjóðfélagið. Upplýsingum um mikilvægi leikskólauppeldis, hvers konar starfsemi fer þar fram og mikilvægi hennar. Það er áriðandi fyrir leikskóla að koma sem gleggstum upplýsingum og sýn fagfólks um leikskólauppeldi á framfæri við foreldra til þess m.a. að auka umræðu um málefni leikskóla í samfélaginu. Rodd telur jafnframt að foreldrar séu vannýtt auðlind sem leikskólakennarar ættu að leggja meiri rækt við. Ánægðir og upplýstir foreldrar sem eru að einhverju leyti þátttakendur í starfi leikskólans eru með bestu málsvörum hans.

Á næstu árum verða leikskólar að setja samstarf við foreldra í forgang. Þeir verða að setja sér markmið og sýn varðandi samstarf við foreldra. Það verður að njörva niður

leiðir til að koma þessum markmiðum í framkvæmd. Leikskólakennarar verða að gera starf sitt sýnilegra fyrir foreldra. Ein leið í þá átt gæti verið að auka formlega skráningu og úrvinnslu um þroska og framgang hvers barns í leikskólanum. Með reglubundnu mati á starfinu í leikskólanum er það opnað fyrir foreldra og þeir öðlast dýpri skilning á því sem þar fer fram. Það er komin tími til að láta hendur standa fram úr ermum og koma okkur að verki í sambandi við samstarf heimila og skóla. Sameiginlegir hagsmunir barna, foreldra og starfsfólks eru í húfi.

3.5 Viðhorf og áherslur Landssamtaka foreldrafélaga í leikskólum (LFL)

Elísabet Gísladóttir formaður Samtaka foreldrafélaga leikskóla í Reykjavík

Sá sem er barnlaus hefur eina áhyggju en sá sem á barn hefur þúsund. Armenskur málsáttur.

Landssamtökin voru stofnuð á fjölmennum fundi þann 21. nóvember 1992 og eru þau því 5 ára. Allir foreldrar leikskólabarna um allt land gerast sjálfkrafa félagar í LFL.

Tilgangur samtakanna er þríþættur:

- Að stuðla að auknu samstarfi foreldra og starfsmanna leikskóla.
- Að auka samvinnu foreldra innbyrðis í því skyni að standa vörð um hagsmuni og velferð barna.
- Að starfa að hagsmunamálum barna og foreldra á þjóðfélagslegum vettvangi.

Uppbygging landssamtakanna

Landssamtökin eru svoköluð regnhlífarsamtök þar sem landinu er skipt niður í deildir eftir landssvæðum. Meginverkefni LFL er að stofna deildirnar til að mynda virka og sterka heild foreldrafélaga sem nær til landsins í heild. Hver deild hefur sína eigin stjórn og markar sér ákveðna stefnu og áherslu innan ramma og tilgangs samtakanna.

Til hvers foreldrafélög?

Það eru margar ástæður til þess að hafa foreldrafélög en hér eru nokkrar. Í 14. gr. laga um leikskóla segir m.a. „... að starfsemi leikskólans skuli stuðla að tengslum milli foreldra og leikskóla svo það styrki uppeldisstarf leikskólanna og ytri umgerð í starfsemi þeirra.“ Þetta er nauðsynlegt vegna þjóðfélagslegra aðstæðna og að koma þannig til móts við foreldra og börn. Þannig hafi foreldrar tækifæri að kynnast heimi og vinum barnanna í leikskólanum jafnframt því að vera með gæðaeftirlit. Það er staðreynd að vegna síaukinnar útivinnu beggja foreldra þá verja mörg barna okkar meira af vökutíma sínum inni á leikskólanum en heima í faðmi fjölskyldunnar. Mætti því halda að aðaluppeldið færi fram á leikskólanum. Á hinn bóginn förum við foreldrar með forsjá barna okkar og öxlum þær skyldur og þá ábyrgð sem því fylgir þrátt fyrir uppeldishlutverk leikskólans.

Fulltrúi foreldra og réttur til setu á fundum nefndar sem fer með stjórn leikskóla

Í 9. gr. leikskólalaganna segir að einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eigi rétt til setu á fundum nefndar sveitarfélaga með málfrelsi og tillögurétt. Til þess að þessi réttur foreldra sé virkur og fulltrúi foreldra sé lýðræðislega kjörinn þurfa foreldrar á hverjum leikskóla að hafa með sér félag. Þar sem raunin er sú að fleiri en einn leikskóli er í sveitarfélagi þá þurfa félögin að vinna saman til að kynnast innbyrðis.

Öflugt samstarf Reykjavíkurdeildarinnar við Dagvist barna í Reykjavík

Reykjavíkurdeildin hefur átt ánægjulega samvinnu við Dagvist barna þetta fyrsta ár sem Reykjavíkurfulltrúinn hefur setið stjórnarfundi, en það var áður í höndum fulltrúa landssamtakanna. Sú stefnumótunarvinna sem Dagvist barna hefur unnið að vonumst við til að skili sér í enn meiri gæðum í leikskólana en einn liðurinn í stefnumótunarvinnunni er samvinna við foreldra.

Áherslur og vinnureglur samtakanna

Samskipta- og upplýsinganetið

Við höfum lagt grunn að svokölluðu neti sem við teljum að geti reynst skilvirkt til virkrar upplýsingaþjónustu til foreldra. Þetta er gert til að við í stjórninni getum auðveldlega nálgast upplýsingar og fundið hvernig vindurinn blæs hverju sinni en einnig veitt upplýsingar sem við teljum nauðsynlegar og áhugaverðar.

Samanburður milli skóla

Félögin geta styrkt stöðu sína með samanburði leikskólanna.

Aukin samskipti

Við teljum að öll samskipti séu af hinu góða og viljum stuðla að virkari samskiptum. Foreldrar þurfa að vera meðvitaðir um gang mála í skólanum. Einnig þurfa starfsmenn að sjá að það er tekið eftir því sem þeir eru að vinna að og þeir fái viðurkenningu fyrir vel unnin störf sem er hvatning til starfsmannsins.

Hagræðing

Það má einnig hugsa sér þennan vettvang sem hagræðingu til að draga úr kostnaði sem foreldrafélög leggja út í árlega og má segja að sé orðin hefð t.d. sameiginleg tilboð í: Rútur og jólagjafir.

Skemmtun og fróðleikur fyrir börnin

Síðast en ekki síst að skiptast á upplýsingum um skemmtilegar hugmyndir og uppákomur sem gefist hafa vel á leikskólum landsins.

Meðferð ágreiningsmála.

Áhersla er að boðleiðir séu skilvirkar, ekki of langar og ekki flóknar

Vinnureglur byggja á samstarfi foreldra, foreldrafélaga, starfsmanna leikskólans og yfirstjórn leikskólamála á hverjum stað. Taka á málum eins fljótt og auðið er.

Taka á hverju máli sem einstöku. Hverju áhyggjumáli foreldra jafnvel þó að það líti ekki út fyrir að vera mikið mál fyrir einhverja þá getur það verið hjartans mál fyrir aðra.

Virðing og velgengni

Með því að sýna virðingu í uppeldi hinna minnstu barna kennum við þeim að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og gera sér grein fyrir gildi hvers einstaklings.

Það ætti að vera kappsmál allra foreldra að standa vörð um velferð barnanna og kappsmál þjóðarinnar í heild að standa saman og leggja sitt af mörkum til að ná árangri í umhyggju, uppbyggingu og fræðslu komandi kynslóðar.

Í þeim leikskólum eins og okkur býðst hér í Reykjavík getum við foreldrar í flestum tilfellum vel við unað þó alltaf megi gera betur. Þar er stefnan að leitast við að mæta þörfum barnanna þegar þau yfirgefa verndað umhverfi leikskólans og stíga sín fyrstu skref í grunnskóla.

Það sem veldur mörgum áhyggjum er t.d. nýtt ógnandi umhverfi fyrir litla nemendur, vistunartíminn eftir skóla sem ekki er alltaf sniðinn að þörfum foreldra og aðbúnaðurinn í heilsdagsskólum sem oft er mjög bágborinn jafnvel í glænýjum rándýrum skólum þar sem ekki virðist hafa verið gert ráð fyrir öllum þörfum barnanna.

3.6 Viðhorf og áherslur Kennarasambands Íslands

Guðrún Ebba Ólafsdóttir varaformaður Kennarasambands Íslands

Sjónarhorn kennarans - hluti af starfinu

Einn þáttur í starfi kennarans eru samskiptin við heimilin. Þetta kemur skýrt fram í lögum um grunnskóla, reglugerðum, erindisbréfi fyrir kennara, aðalnámskrá og í kjarasamningum.

Í erindi mínu mun ég m.a. velta eftirfarandi spurningum upp:

- Snýst samstarf heimila og skóla fyrst og fremst um að miðla upplýsingum um skólastarfið?
- Vilja foreldrar annað form á samstarfinu?
- Hvers vegna koma upp ágreiningsmál milli heimila og skóla?
- Hefur þeim fjölgað?
- Hvernig eru þau leyst?
- Hvar eru foreldrar staðsettir í „kerfinu“?
- Hafa foreldrar einhver völd?

Ennfremur mun ég fjalla um

- Hlutverk stéttarféлага.
- Hvernig Kennarasamband Íslands fylgir skólustefnunni eftir.
- Sjálfsmatsaðferðir skóla, meta samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan hans.
- Nauðsyn þess að settar verði skýrar leikreglur til að auðvelda lausn ágreiningsmála.

Fyrirmæli um samskipti skóla og heimila eru m.a. skráð í:

Lögum nr. 66/1995 um grunnskóla

Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum (15. gr.). Sérhver grunnskóli innleiðir aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans (49. gr.).

Fyrirmynd að erindisbréfi fyrir kennara skv. lögum nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla

Auk þess að veita foreldrum sem gleggstar upplýsingar um skólann og skólastarfið og gengi viðkomandi nemanda fylgist kennari með ástundun, framkomu og líðan nemenda og gerir skólastjóra og forráðamönnum nemenda viðvart ef þörf er á (4. gr.).

Aðalnámskrá grunnskóla 1989

Traust tengsl foreldra og skóla þurfa að byggjast á góðu samstarfi og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Markmiðið er að foreldrar viti að hverju börn þeirra eru að vinna í skólunum hverju sinni og geti veitt þeim aðhald í náminu ef þörf er á (bls. 185).

Kjarasamningi fyrir grunnskólakennara

Viðverutími kennara í skóla er skilgreindur á eftirfarandi hátt: Til hans telst kennsla, vinnuhlé, kaffihlé og störf í þágu skóla, s.s. viðtalstími, umsjón með bekk, námsmat, skýrslugerðir, kennarafundir, foreldrafundir, samstarf kennara o.fl. skv. ákvörðun skólastjórnar (gr. 2.1.8.3).

Úr skólustefnu Kennarasambands Íslands:

- Velferð nemenda byggist á góðu samstarfi heimila og skóla.
- Leggja verður áherslu á nauðsyn þess að kennarar fái tíma og aðstæður til þess að sinna þessum mikilvæga þætti starfsins.

- Traust tengsl foreldra og skóla þurfa að byggjast á góðu samstarfi og gagnkvæmri upplýsingamiðlun.
- Foreldrar þurfa að eiga þess kost að taka beinan þátt í skólastarfi.
- Foreldrar geta tekið þátt í mótunarstarfi skólanna með því að notfæra sér rétt sinn í foreldraráðum og skólanefndum.
- Með stofnun foreldraráða eru möguleikar foreldra til að hafa áhrif á skólastarfið tryggðir enn frekar.

3.7 Viðhorf og áherslur Skólastjórafélags Íslands

Ragnar Þorsteinsson skólastjóri Breiðholtsskóla

Tvær meginhliðar samstarfs heimila og skóla

- Lagaleg og siðferðileg ábyrgð foreldra til að tryggja velferð barna sinna og menntun.
- Vaxandi fjöldi rannsókna sýnir að þátttaka foreldra í sjálfu menntunarferlinu hefur jákvæð áhrif á námsárangur og þroska barna.

Ef skóli á að sinna lagalegum og siðferðilegum skyldum sínum verða kennarar og skólastjórar að leggja rækt við samskipti heimilis og skóla.

Meginþættir í samskiptum heimila og skóla:

1. Stuðningur skóla við uppeldi

- Fræðsla um tiltekin mál, umræðufundir og námskeið um t.d. tómstundir, íþróttir, heimanám, einelti, reykingar, fíkniefni o.s.frv.
- Ljóst sé til hvers skólinn ætlast af foreldrum t.d. í sambandi við fatnað, fjarvistir, námsgögn, hreinlæti, hvíld og hegðun.

2. Frjáls þátttaka foreldra í skólastarfi

- Foreldrar komi í skólann í tengslum við ákveðin verkefni, þemadaga, sýningar, kynningar og fleira.

3. Boðskipti milli heimilis og skóla

- Fréttabréf, skóladagatöl, bréf, bæklingar, veggspjöld og samskiptabækur.
- Foreldrafundir, foreldraviðtöl, símatímar.
- Upphaf skólagöngu.

4. Samtök foreldra

- Foreldrafélög.
- Foreldraráð.

5. Þátttaka foreldra í heimanámi barna

- Tengist þörf barna til að vita að fylgst er með þeim.
- Börn hvött til athafna sem hæfa þroska þeirra oft í tengslum við hugmyndir og tilmæli frá skólanum.
- Mikilvægt er að samræmi sé sem mest og best á milli þess sem sagt er og gert á heimili og skóla.

3.8 Viðhorf og áherslur Heimilis og skóla

Jónína Bjartmarz, formaður Heimilis og skóla

Hvað er samstarf heimila og skóla?

Samstarf er ferli þar sem ólíkar manneskjur út frá ólíkum forsendum en á jafnréttisgrundvelli reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu (árangri, markmiðum).

Hvers vegna samstarf? (Því er fljótsvarað= barnanna vegna!)

Hlutverk grunnskólans, *í samvinnu við heimilin*, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Meginábyrgð á uppeldi barns liggur hjá foreldrum þess. Upplýsingar til foreldra eru forsenda þess að þeir geti verið virkir þátttakendur í þessu samstarfi og uppfyllt skyldur sínar. Landssamtökin Heimili og skóli vinna að því að styrkja foreldra í þessu hlutverki sínu vegna þess að reynslan og margvíslegar rannsóknir sýna að samstarf heimila og skóla og þátttaka foreldra í skólastarfi hefur afgerandi áhrif á námsárangur nemenda og almenna velferð þeirra.

Hvað á samstarfið að snúast um?

Allt sem lýtur að velferð og menntun barna, s.s. námi, kennslu, uppeldi, umhverfi, aðbúnaði.

Hvernig viljum við hafa samstarfið?

Samstarfið í hverjum skóla skiptist í þrjá meginþætti sem hver um sig skarast við hina:

a) Samstarf um einstaklinginn þ.e. foreldrar, nemandi og kennari/kennarar

Þetta samstarf getur verið með ýmsum hætti en hér má nefna t.d. heimanám, einkaviðtöl kennara og foreldra með/án nemandans, símatíma kennara, samskiptabók og heimsóknir foreldra í kennslustundir. Samskiptaformið ræðst af aðstæðum og eðli verkefna en til að það verði árangursríkt **þarf að gefa því tíma og báðir aðilar verða að skuldbinda sig til þátttöku.**

b) Samstarfið um bekkinn

Heimili og skóli leggur mikla áherslu á bekkjarstarfið. Það er heppileg eining og líkleg til að höfða til foreldra því eðlilega er mestur áhugi þeirra á því sem næst er eigin barni. Foreldrar eiga að vera frumkvöðlar og virkir þátttakendur í skipulagi bekkjarstarfsins. Hagur kennara af slíku starfi er ótvíræður. Bekkjarstarfið er margþætt t.d. samráð foreldra innbyrðis, samstarf bekkjarfulltrúa og umsjónarkennara, samstarf foreldrahópsins og umsjónarkennara og samstarf foreldra, kennara og nemenda.

c) Samstarfið um skólann sem heild

Foreldrafélagið: Heimili og skóli telur að vel rekin foreldrafélög við hvern skóla séu nauðsynlegur þáttur í öfluglu skólastarfi. Slík félög sem má kalla uppeldis- og skólamálafélög eru samstarfsvettvangur foreldra.

Foreldraráðin eru formlegur vettvangur til að koma sjónarmiðum foreldra varðandi innihald og áherslur í starfi skólans og skipulagi skólalahalds á framfæri við skólann. Heimili og skóli telur að það sé foreldranna sjálfra að kjósa fulltrúa í foreldraráð og setja ráðinu starfsreglur og sér ekki ástæðu til að stjórnvöld hlutist til um starfsemi eða skipulag foreldraráða.

Skólanefndin er ábyrg fyrir skólahaldinu í umboði sveitarstjórnar og Heimili og skóli telur mikilvægt að þeir sem sitja í skólanefndum eigi börn í grunnskóla og finni þannig daglega púlsinn í skólastarfinu. Sveitarstjórnir þurfa að sjá til þess að boðleiðir milli þeirra og foreldraráða verði skýrar. Fulltrúi foreldra í skólanefnd ætti að sækja umboð sitt til foreldraráða eða foreldrafélaga.

4. Samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum. Frá orðum til athafna

Fundargerðir umræðuhópa

Eftir hádegið settust þátttakendur á málþinginu í umræðuhópa og þess var gætt að hafa fulltrúa frá öllum samstarfsaðilum í öllum hópunum. Það gekk að mestu eftir enda skipuðu samstarfsaðilar fyrirfram fulltrúa sína í ákveðna umræðuhópa. Fyrirfram voru valdir sérstakir hópstjórar til að stýra umræðunni í hverjum hópi og fulltrúi úr undirbúningshópi tók yfirleitt að sér fundarritun. Í lok málþingsins var síðan gerð grein fyrir starfi allra hópanna. Þær fundargerðir, sem ekki var gengið frá á staðnum, voru sendar til skoðunar til allra þeirra sem voru í hópunum áður en gengið var frá þeim til birtingar í þessu málþingsriti.

4.1. Kennaramenntun og foreldrasamstarf í leik- og grunnskólum

Í hópnum voru: Hópstjóri og ritari: Ragnhildur Bjarnadóttir lektor við Kennaraháskóla Íslands. Aðrir í hópnum voru: Kristín Dýrfjörð Faghópi leikskólastjóra og undirbúningshópi, Björg Árnadóttir Heimili og skóla, Guðmundur Þór Ásmundsson SÍS, Gyða Jóhannsdóttir Fósturskóla Íslands, Ólöf Helga Pálmadóttir FÍL/FL og Sigprúður Harðardóttir KÍ.

1. Það hafa verið haldin námskeið fyrir kennaranema sem miða að því að undirbúa nema í grunn- og leikskólum fyrir samstarf heimila og skóla og efla skilning þeirra á gildi slíkrar samvinnu. Samdóma álit fulltrúa frá kennaramenntunarstofnunum var að námskeiðin hafa ekki náð nógu vel til nemanna. Nemarnir eru uppteknir af því að læra um börn, kennara og kennslu. Þeir sýna þessari „þriðju vídd“ lítinn áhuga - eða námskeiðin hafi ekki hitt í mark.

2. Hópurinn taldi rétt að reynt væri að gera betur, t.d. mætti bjóða upp á námskeið í almennri samskiptafærni. Skoða mætti betur í hverju hlutverk kennarans felst og greina í sundur faglega og persónulega þætti. Einnig kom það álit fram að almennt þarf að undirbúa kennaranema í leik- og grunnskólum betur fyrir samskipti við fullorðna og sérstaklega undirbúa þá fyrir að takast á við málefni í samskiptum sem eru tilfinningahlaðin.

3. Aldur nemenda og kennara skiptir máli. Rætt var um mun á samskiptum leikskóla- og grunnskólakennara og ólíka þörf fyrir undirbúning. Símenntun á þessu sviði er frekar í gangi í leikskólum þar sem mikið samstarf kallar á sameiginleg uppeldismarkmið og samræmd skilaboð til foreldra. Samskipti eru líka mun nánari við foreldra sem þeir hitta gjarnan daglega. Stjórnendur í leikskólum undirbúa nýliða gjarnan fyrir foreldrasamstarf - kenna þeim. Að slíku mætti huga í grunnskólum.

4. Bjóða þarf upp á endurmenntunarnámskeið, sem eru sett upp með skipulegum hætti og eru með ólíku sniði til að þau höfði til sem flestra.

4.2 Meðferð ágreiningsmála (stjórnsýsla skóla)

Í hópnum voru: Hópstjóri og ritari: Þórunn J. Hafstein deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu. Aðrir í hópnum voru: Jónína Bjartmarz Heimili og skóla og undirbúningshópi, Guðrún Reykdal Heimili og skóla, Guðrún Þorsteinsdóttir LFL, Ragnar Þorsteinsson SÍ, Þórhildur Líndal umboðsmaður barna, Þröstur Brynjarsson FÍL/FL og Þuríður Jónsdóttir Heimili og skóla.

Hópurinn fjallaði um meðferð ágreiningsmála í skólum. Umræður innan hópsins miðuðust því miður einkum við grunnskóla en þau megin sjónarmið sem fram komu í umræðunum eiga einnig við um leikskóla. Það kom þó fram í umræðunum að samskipti heimila og skóla og lausnir á ágreiningsmálum væru í betra horfi í leikskólum enda ef til vill starfsemi leikskólanna með öðrum hætti.

Áhugi hópsins beindist fyrst og fremst að því með hvaða hætti unnt væri að fyrirbyggja ágreiningsmál milli skóla og heimila annars vegar og innan skólans hins vegar. Hópurinn telur að bæta þurfi upplýsingastefnu skóla og kynna betur hvert sé verkefni skólanna og með hvaða hætti sú þjónusta er veitt. Fram kom í umræðunum að skólinn væri lokuð stofnun og hann yrði að sinna betur „markaðsetningu“ skólans gagnvart þeim sem að honum standa og skilgreina hlutverk hans og samstarfsaðila hans. Veigamesti þátturinn í slíkri upplýsingastefnu eru skýrar upplýsingar og reglur um ábyrgð skólans, ábyrgðarsvið einstakra aðila innan skólans og í því sambandi var sérstaklega rætt um nauðsyn á að skilgreina stjórnsýslulega stöðu skólastjóra og skólanefnda betur. Jafnframt þyrftu boðleiðir milli aðila innan skólans og við aðila utan skólans að vera skýrari. Fram kom að útfæra þyrfti betur en gert er ákvæði laga sem lúta að þessu. Jafnframt var talin ástæða til að leggja áherslu á að skólastjórnendur og skólanefndir þyrftu á fræðslu að halda um stjórnsýslulegt hlutverk sitt sem færi stöðugt vaxandi. Hópurinn taldi að framangreint myndi stuðla að því að ágreiningsmálum fækkaði.

Í tengslum við framangreint kom fram að brýnt væri að skólastjórar settu skólareglur þar sem reglur skólans væru kynntar og jafnframt agaviðurlög við þeim. Vinna þyrfti að setningu slíkra reglna í samvinnu við nemendur og foreldra og leggja þyrfti mikla áherslu á góða kynningu þeirra. Upplýst var að skólastjórar í ákveðnum hverfum hefðu ákveðið að eiga frumkvæði að setningu viðmiðunarramma sem skólar gætu fylgt við setningu skólareglna. Því var fagnað. Lögð var áhersla á að skólinn væri þjónustustofnun sem ynni í samvinnu við fjölmarga aðila.

Í umræðunum var dregið á helstu málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaganna og áréttuð nauðsyn þess að uppfræða skólastjórnendur, skólanefndir og samstarfsaðila þeirra þ.m.t. kennara, foreldra og nemendur um þær og réttindi og skyldur hvers aðila.

Dreift var síðareglum leikskólakennara og starfslýsingu leikskólakennara og leikskólastjóra og taldi hópurinn að þetta væri mjög til fyrirmyndar.

Hópurinn taldi æskilegt að vinna áfram að þeim sjónarmiðum sem fram koma hér að ofan í samvinnu þeirra sem koma að skólum.

4.3 Verksvið foreldraráða í grunnskólum, samstarfsvettvangur heimila og skóla

Í hópnum voru: Hópstjóri: Snjólfur Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands. Ritari: Unnur Halldórsdóttir Heimili og skóla og undirbúningshópi. Aðrir í hópnum voru: Hrólfur Kjartansson menntamálaráðuneyti, Áslaug Brynjólfsdóttir umboðsmaður foreldra og skóla í Reykjavík, Halldóra Thoroddsen Endurskoðun aðalnámskráa, Hafsteinn Karlsson SÍ, Garðar Mýrdal Heimili og skóla, Bergljót Hermundsdóttir FÍL/FL, Elísabet Gísladóttir LFL.

Í upphafi skiptust menn á skoðunum um stöðuna, hvernig hefði gengið með foreldraráðin og hvað væri að gerast. Síðan velti hópurinn fyrir sér nokkrum atriðum sem hann taldi mikilvægt að leggja áherslu á.

Það var mat hópsins að yfirleitt væri jákvæð reynsla af foreldraráðum og þeir foreldraráðsmenn sem sátu í hópnum staðfestu það. Þó var nefnt að sums staðar gengi foreldraráðum illa að fá upplýsingar frá skólunum t.d. að fá skólanámskrá til umsagnar og jafnvel að einhverjir skólastjórar væru tregir til samstarfs við foreldraráðið. Reynsla sýndi þó að mikill styrkur væri fyrir skólastjóra að hafa foreldraráð sem vettvang til umræðna um skólahaldið.

Verksvið foreldraráða

- Foreldraráð hafa ekki formleg völd en hafa sterkt aðhaldshlutverk sem þarf að vera með jákvæðum formerkjum. Þau eru formlegur vettvangur foreldra fyrir umfjöllun um skólahald og skólanámskrá. Hrósið má ekki gleymast í aðfinnsluflórunni.
- Skólanámskrá er stefnumótun skólans, lýsing og rökstuðningur á því sem á að gera. Gagnrýni á innra starf skólans getur ekki verið einkamál kennara því þeir eru framkvæmdaaðilar og hugmyndasmiðir. Varnarkerfi skóla er oft á tíðum þétt.
- Það er meðvitað af löggjafans hálfu að hafa ekki reglugerð um foreldraráðin, þau eiga að vinna þetta út frá eigin forsendum.
- Foreldraráð eru upplýsingavettvangur t.d. um samræmd próf og samanburð milli skóla. Matsaðgerðir eiga eftir að aukast og þarna er vettvangur til að ræða niðurstöður.
- Eiga foreldraráð að fjalla um mál utan skólans, t.d. tómstunda- og íþróttastarf?
- Foreldraráð má skoða sem hluta af gæðastjórnun, foreldrar sem neytendur þjónustu.
- Verkaskipting foreldraráðs og foreldrafélags. Slíkt fer eftir aðstæðum í hverjum skóla, t.d. stærð skóla. Foreldraráð er í sumum tilvikum e.k. sjálfstæð starfsnefnd innan foreldrafélags með skilgreint hlutverk samkvæmt lögum.

Starfshættir foreldraráða

- Mikilvægt að þetta starf sé undir jákvæðum formerkjum, foreldrar mega ekki koma með kreppta hnefa til samstarfs við skóla og sama gildir um skólamenn sem oft eru í vörn. Foreldraráð eru ekki sett til höfuðs skólum. Forðast ber að tala á VIÐ-ÞIÐ nótum.
- Tengsl inn á við og út á við eru mikilvægir þættir í starfi foreldraráða, t.d. tengsl við foreldra og starfsmenn innan skólans og tengsl milli foreldraráða innan sveitarfélags.

- Gátlisti foreldraráðs er gagnlegt skipulagstæki fyrir starfið, að hvaða þáttum vill ráðið beina athygli sinni.
- Greiðslur til foreldraráða eru ekki nefndar í lögum en ekkert bannar sveitarstjórnnum eða skólanefndum að greiða fyrir þessa vinnu. Hins vegar kom sú rödd að með slíku er einum þætti foreldrastarfs gert hærra undir höfði en öðrum t.d. formennsku í foreldrafélagi. Foreldraráðsfulltrúar ættu a.m.k. að fá fyrir útlögðum kostnaði t.d. þátttökugjöld á foreldraþing eða námskeið svo og ýmis upplýsingarit.
- Foreldraráð þurfa að eiga sér bakland í almennu bekkjarstarfi og því eru foreldrafélög mikilvæg eftir sem áður.
- Rætt um leiðir til að virkja foreldrahópin sem aðila í skólanámskráargerð, s.s. með því að kalla eftir ábendingum frá bekkjarfundum.
- Rætt var um þörfina á því að skilgreina ýmislegt betur t.d. tímasetningar v/umsagnar um skólanámskrá.

Foreldraráð við leikskóla

Rætt var um muninn á þessum tveimur skólastigum þ.e. leikskólinn er ekki skylda eins og grunnskólinn. Börn eru styttri tíma ævinnar í leikskólum en í grunnskóla.

Hins vegar er þörf fyrir vettvang foreldra til að ræða innri mál og skipulag leikskólans og foreldrafélög á leikskólum eru víðast hvar fönður- og skemmtifélög. Einnig er full þörf á samráði milli foreldrafélaga leikskólabarna innan sveitarfélaga m.t.t. aðbúnaðar og þrýstings á stjórnvöld. Skipti milli skólastiga, þ.e. úr leikskóla í grunnskóla eru mörgum erfið og upplýsingamiðlun þarna á milli þarf enn að batna. Þetta þyrftu foreldrar að þrýsta á.

Ábendingar frá hópnum:

- 1. Gera þarf ráð fyrir tíma fyrir skólastjórnendur að sinna áætlunargerð.** Fleira starfsfólk. t.d. með tilkomu heilsdagsskóla eykur annríki skólastjóra, áætlanir eru ekki alltaf tilbúnaðar þegar foreldraráð kallar eftir þeim. Skoða þarf kennsluskyldu skólastjóra út frá breyttu hlutverki þeirra m.a. á þessu sviði.
- 2. Í skólanefndir mætti tilnefna úr hópi foreldraráðsfólks.** Foreldraráðsfulltrúar hafa margir hverjir öðlast mikla þekkingu á skólamálum og sveitarstjórnir gætu sem best valið fulltrúa í skólanefndir úr hópi þeirra eftir næstu kosningar.
- 3. Foreldraráð í leikskólum.** Fram kom þörf fyrir vettvang af slíku tagi en ekki fullrætt hvort hann ætti að vera á sömu forsendum og foreldraráð í grunnskólum. Rétt að foreldrafélög á leikskólum fjalli um það á sínum samstarfsvettvangi hvert þau vilja stefna.
- 4. Rætt um þörf fyrir einhvers konar úrlausnarnefnd vegna ágreinings** sem upp getur komið t.d. milli foreldra og skóla, skóla og skólanefndar, foreldraráðs og skólanefndar eða skólastjórnar.
- 5. Ekki rétt að skylda foreldraráð í ákveðin verkefni,** t.d. með reglugerð. Foreldraráð þurfa frelsi og sjálfstæði og eiga að taka mið af aðstæðum á hverjum stað hverju sinni.
- 6. Trúnaðarskylda foreldraráðsfulltrúa** er mikilvæg og sjálfsgöð gagnvart upplýsingum um einstaklinga, kennara, nemendur eða aðra foreldra sem þeir verða áskynja um í starfi sínu.
- 7. Menntun er samstarfsverkefni.** Foreldrar eru auðlind, jákvætt að virkja þá enn frekar. Það er eitt af hlutverkum foreldraráða að fjalla um hvernig hægt er að gera það.

8. **Yfirskrift þingsins er „Frá orðum til athafna.“** Það hafa verið athafnir, foreldraráð starfa við flesta skóla, þau hafa afkastað miklu nú þegar og margt er á döfinni.

4. 4 Gildi foreldraviðtala í leik- og grunnskólum (Árangursrík foreldraviðtöl)

Í hópnum voru: Hópstjóri: Elísabet Berta Bjarnadóttir félagsráðgjafi við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Ritari: Marsibil Ólafsdóttir Skólastjórafélagi Íslands og undirbúningshópi. Aðrir í hópnum voru: Bergur Felixsson SÍS, Carol. Sch. Thorsteinsson FÍL/FL, Edda Sóley Óskarsdóttir Heimili og skóla, Guðrún Samúelsdóttir FÍL/FL, Helena Hilmarsdóttir LFL, Ketill Jósefsson KÍ, Hilda Svavarsdóttir og Rannveig Hrólfsdóttir nemendur í 10. bekk Hvaleyarskóla og Hildur Skarphéðinsdóttir Dagvíst barna í Reykjavík.

Gæði viðtala: Hafa þarf nægan tíma fyrir viðtalið. Viðtöl í leikskólunum eru undirbúin með fyrirfram ákveðnu mati sem leikskólakennari gerir á hverjum einstaklingi. Einnig eru spurningar afhentar foreldrum fyrir viðtalið þannig að foreldrar geta undirbúið sig fyrir viðtalið. Í leikskólum er upphafsviðtal ætíð ein klukkustund. Síðan eru viðtöl einu sinni á ári í 20 mín, en það getur teygst úr þeim. Þá er haft eitt viðtal á dag, svo enginn þurfi að bíða. Þessi viðtöl eru án barna. Í skólanum finnst mörgum foreldrum óþægilegt í fyrsta skiptið að tala við kennarann og hafa barnið með. Allir voru sammála um að 10 mín á barn væri allt of lítill tími. Í sex ára bekkjum eru iðulega lengri viðtöl. Einnig þarf að greina á milli vandamálaviðtala og almennt viðtala og að hafa tímamál í samræmi við það. Gagnlegt er að hafa sem opnust viðtöl og forðast ber að ræða um barnið í þriðju persónu, ef barnið er haft með. Starfsfólk skólans ber ábyrgð á því að viðtölin séu sem uppbyggilegust fyrir nemandann. Huga þarf að því fyrir viðtalið að senda gögn heim um það hvað eigi að ræða svo að foreldri og barn geti farið yfir þau áður. Grunnskólakennarinn gæti raðað foreldrum á símaviðtalstíma sinn yfir veturinn og þar með fengju foreldrar lengri tíma. Í grunnskólanum er aðallega rætt um menntun, þroska, hegðun og aga. Sumum finnst að kennarar gætu verið minni talendur í viðtölum, en betri hlustendur og spyrjendur.

Val á framhaldsnámi: Margir höfðu áhyggjur af hinu tíða brottfalli nemenda úr framhaldsskólum og spurt var hvort grunnskólakennarar ættu að reyna að hafa áhrif á val nemandans við framhaldið? Þær skoðanir heyrast einnig að nemendur þurfi hvíld eftir grunnskólann, en öðrum var spurn, hvíld frá hverju? Huga þarf betur að framtíðarsýn barnsins og byrja snemma í grunnskólanum að finna áhugasvið þess, t.d. með því að spyrja á hverju ári, hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðinn stór? Í sex og sjö ára bekk er hægt að láta þau teikna um þetta efni, síðar að skrifa og ef kennarinn getur haldið þessu saman, er gaman að sjá þróunina.

Hvaða starfsmenn eiga foreldrar að ræða við? Í leikskólum er rætt við leikskólakennara, en ef á deildinni er aðeins leiðbeinandi, þá er leikskólastjórinn gjarnan með. Oft er líka hægt að ræða við einstaka starfsmenn í óformlegum viðræðum. Starfsfólkið er hvatt til þess að ræða við foreldrana, þegar þeir koma að sækja börnin og sérstaklega við þá óframfærnu. Þess má geta að í Hjalla hjá Möggu Pálu er starfsfólkinu bannað að tala illa um foreldrana og þar er ekki verið að rekja í því þó einhver hafi verið illa upplagður þann daginn. Börnin eiga sitt privátlíf og sumt má láta kyrrt liggja, en ef það þarf að nefna eitthvað neikvætt, þá er boðað til fundar og fundin lausn á málunum.

Eiga nemendur að vera viðstaddir? Flestum fannst gott að hafa nemendur með, en samt er ágætt að boðið sé upp á báða möguleikana. Gæta þarf að því setja ekki foreldrana á einhverja smábarnastóla og að ekki sé eitthvert kennaraborð á milli kennarans og foreldra, þ.e. að allir sitji við sama borð.

Flutningur á milli leikskóla og grunnskóla. Frá leikskólans hálfu sjá sálfræðingar um flutning barna yfir í grunnskólann, sem hafa notið sérstuðnings í leikskólanum. Leikskólakennarar hitta í mörgum skólahverfum grunnskólakennara yngstu barnanna og kennarar koma í heimsókn í leikskólann til að kynna sér hvað börnin hafa verið að gera í leikskólanum. Flest öll börn fara með leikskólakennaranum sínum í heimsókn í nærliggjandi grunnskóla. Í einstaka leikskóla undirrita foreldrar samþykki sitt eða neitun um hvort menn gefa upp ákveðnar upplýsingar um barn þeirra ef grunnskólinn óskar eftir þeim.

Vandamálaviðtöl: Varast ber að vera á kafi í því neikvæða, heldur að spyrja hvað hafi gengið vel frá því síðast. Neikvæðar spurningar er hægt að umorða í jákvæðar. Okkur

ber að tala meira og lengur um það sem gengur vel, því lífið gengur út á það að eiga ánægjuleg samskipti. Ein sagði frá nemendaviðtölum, þar sem kennarinn og nemandinn ræða einslega saman tvisvar til þrisvar á ári um líðanina í bekknum, námið o.fl. Tveir fulltrúar nemenda voru í hópnum og leist þeim mjög vel á þessa tilhögun, því það getur verið erfitt að ná á umsjónarkennarann sinn í erli dagsins og ræða um það sem máli skiptir.

Erlendir foreldrar: Þegar erlendir foreldrar koma í viðtöl eiga þeir rétt á því bæði í leikskólum og í grunnskólum að hafa túlk sér við hlið, þó að hitt foreldrið sé íslenskt. Þetta vita fáir, en þetta hefur komið skýrt fram m.a. á námskeiðum.

Aukin samskipti: Nauðsynlegt er að bjóða foreldrum upp á það að geta komið í heimsókn á venjulegum skólatímum og kynnst skólustarfinu. Lögum samkvæmt eiga börnin að fá árlega 170 daga kennslu í grunnskólanum. Sums staðar er foreldraviðtalsdagur tekinn af þessum 170 dögum og var megn óánægja með það. Rætt var um samskiptabækur og blöð um nám og hegðun sem fara mánaðarlega heim með börnunum sums staðar.

Viðhorfskannanir: Hafa þarf viðhorfskannanir fyrir foreldra um hvernig var tekið á móti barninu þess í byrjun, hvernig það upplifði foreldraviðtalið o.s.frv. Slík viðhorfskönnun hefur m.a. verið gerð í Hlíðaskóla og það er verið að vinna úr henni um þessar mundir. Einnig hafa verið framkvæmdar viðhorfskannanir fyrir foreldra í þó nokkrum leikskólum.

Grunnskóli - leikskóli. Það vantar meira fjárhagslegt rými í grunnskólanum til að kalla út fleira fólk, þegar illa gengur. Leikskólar virðast hafa miklu meiri aðgang að sérfræðingum heldur en margir grunnskólar a.m.k. í Reykjavík. Grunnskólinn og framhaldsskólinn geta lært mikið af leikskólanum ef hugsað er um það góða skipulag sem ríkir í mörgum leikskólum. Til þess að grunnskólinn nái sem bestum árangri kom fram sú staðhæfing að það ætti að banna að tala illa um hann í veislum, almennt á heimilum og annars staðar.

4.5 Um hvað á samstarf heimila og skóla að snúast í leikskóla?

Í hópnum voru: Hópstjóri: Guðrún Alda Harðardóttir lektor við Háskólann á Akureyri. Ritari: Hafdís Huld Steingrimsdóttir LFL og undirbúningshópi. Aðrir í hópnum voru: Sigrún Birgisdóttir Heimili og skóla, Svandís Skúladóttir menntamálaráðuneyti, Ingvar Garðarsson LFL, Anna Harðardóttir FÍL/FL, Ragnheiður Adolfss. LFL og Ólafur Hilmar Sverrisson SÍS.

Efnið sem hópurinn átti að ræða var: Um hvað á samstarf heimila og skóla að snúast í leikskóla? Meðal umræðuefna voru m.a.: Samstarf um einstaklinginn, um deild, árgang, skólastig, skóla í heild, milli skóla, í sveitarfélagi, milli foreldra. Þátttaka foreldra, ábyrgð foreldra á uppeldi og námi barna. Innra starfi leikskóla. Foreldrafélög.

Umræðan byrjaði á því að rætt var um hvernig samstarfið ætti að vera og í hvaða formi. Þá kom það fram að á einum stað er notuð dagbók þar sem leikskólakennarar skrifa í hvað var gert yfir daginn og hvað sé á döfinni. Einnig var talað um hve mikilvægt væri að tala við foreldra þegar komið væri með börnin og þau sótt. Einnig kom sú hugmynd að ræða um myndir barnanna.

Síðan fór umræðan inn á samstarfið sjálft. Hvers vegna samstarf? Það er ekki skylda að hafa samstarf milli foreldra og leikskólakennara. Hvaða vald hafa foreldrar? Eiga foreldrar að hafa vald? Flestir foreldrar barna í leikskólum hugsa um eigið barn, um hagsmuni barna sinna, en ekki um leikskólann í heild. Eins og kemur glögg fram í því að fólk vill almennt ekki vera í foreldrafélagi. Fólkið þarf að fá: Hlutverk, ábyrgð, vald.

Við viljum fá foreldrana inn. Á að búa til minni einingu? Svæðiseiningu. Og eiga sveitarfélögin að styrkja foreldra til að hittast? Það vantar starfslýsingu fyrir foreldra. Hverjar eru skyldur foreldra ef þeir fara með barn í leikskóla. Það þarf að efla foreldrafélög, efla samstarf. Leikskólaráð þar sem í er fulltrúi barna, nágrannar, kennarar. Á starfsmannafundum er ekki fulltrúi foreldra. Bíða foreldrar eftir að fá eitthvað að gera? Það þarf að vera hagar fyrir fólk að mæta á fundi.

Sveitarfélög, foreldrar, leikskólinn setji nefnd til að ákveða starfslýsingu foreldra barna í leikskólum. Þetta þarf að skoða í ljósi heildarfjölskyldustefnu.

Það þarf meiri samskipti milli leik- og grunnskóla.

Niðurstöður hópsins eftir umræðurnar:

- Tillaga hópsins er að sveitarstjórnarmenn, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, fulltrúi leikskólakennara, fulltrúi foreldra hittist og þeir setji saman nefnd til að búa til reglur um verkvið foreldra þar sem skyldur þeirra gagnvart leikskólanum komi fram.
- Leikskólakennarar og foreldrar barna verða að nýta vel dagleg samskipti með því að tala saman og nota skráningar í ýmsu formi og nota myndir barna.
- Komið hefur upp hugmynd að fulltrúi foreldrafélags hafi seturétt á starfsmannafundum í leikskóla.
- Brúa verður bilið á milli grunnskóla og leikskóla með því að efla samskipti milli annars vegar Landssamtaka foreldrafélaga í leikskólum og Heimilis og skóla og hins vegar leikskólakennara og grunnskólakennara.

- Í hópnum ríkti góður andi og fólk var tilbúið að hittast á ný og fylgja orðum sínum eftir. Rætt var um að Svandís hefði frumkvæði að fyrsta fundi með þessu fólki.

4.6 Um hvað á samstarf heimila og skóla í grunnskóla að snúast?

Í hópnum voru: Hópstjóri: Sigrún Ágústsdóttir námsráðgjafi í Réttarholtsskóla. Aðrir í hópnum voru: Ingigerður Heiðarsdóttir FÍL/FL og undirbúningshópi. Guðný Steina Erlendsdóttir FÍL/FL, Hrund Hjaltadóttir KÍ, Inga Arnardóttir Heimili og skóla, Sigríður Jónsdóttir menntamálaráðuneytinu, Sigríður Bílddal HÍK, Sigríður Stefánsdóttir SÍS og Vilborg Runólfsdóttir SÍ. Inga J. Arnardóttir og Sigrún Ágústsdóttir rituðu fundargerð.

Reynt var að leita svara við eftirfarandi spurningum til að ná fram skoðunum þeirra sem í hópnum voru. Hverjar hafa áherslunar verið í samstarfi heimila og skóla? Hvað vantar helst í samstarfið? Hverjar eru stærstu hindranirnar? Hvernig er óskasamstarfið?

Það er ljóst að samstarf heimila og skóla er mjög misjafnt eftir skólum og jafnvel innan sama skóla. Samstarfið byggir á reglulegum og góðum persónulegum samskiptum. Í leikskólum er mikið um persónuleg samskipti. Þau eiga sér stað nær daglega, mismikil þó, þar skapast því mjög persónuleg tengsl á milli starfsfólks og foreldra, sem auðvelda allt samstarf. Enda virðist sem kvartanir um skort á upplýsingum og samstarfi heyrast mun sjaldnar á því skólastigi.

Starfsfólk skólanna þarf að gera sér grein fyrir og viðurkenna að öflugt samstarf við foreldra er stuðningur við starf þeirra og um leið ákveðið aðhald sem öllum er nauðsynlegt. Mörgum foreldrum líður eins og óvelkomnum gestum er þeir koma í skóla barna sinna. Skólafólk þarf að taka vel á móti foreldrum og nýta þá sér til hjálpar og stuðnings. Í hópnum voru allir sammála um að **foreldrar væru illa nýtt auðlind**, sem skólafólk ætti að virkja.

Heimsóknir foreldra í bekki barna sinna þótti mjög jákvætt samkiptaform. Foreldrar fá betri tilfinningu fyrir því sem börnin eru að gera og skilja betur umhverfi þeirra. Við þetta myndast mikilvæg tengsl milli kennara og foreldra. Einnig er mjög jákvætt að foreldrar kynnist hinum börnunum. Foreldrar geta áreiðanlega lagt marga til kennslunnar með beinum eða óbeinum hætti. Æskilegast væri að svona samstarf hæfist strax í 1. bekk grunnskólans þannig að kennarar, nemendur og foreldrar vendust hverjir öðrum og eðlileg og traust samskipti kæmust á. Það auðveldar til muna ef einhver erfið mál koma upp á skólagöngunni að fólk þekkest persónulega. Til eru foreldrar sem eru frekar neikvæðir í garð skólans. Því mætti áreiðanlega breyta með bættum samskiptum.

Fræðslu- og kynningarnámskeið sem haldin hafa verið fyrir foreldra 6 ára barna, þóttu mjög jákvætt samstarfsform og ætti að flýta því að þau yrðu haldin í öllum skólum. Hugmynd kom fram um hvort halda mætti námskeið vorið áður en börnin byrja skólagöngu. Með námskeiði sem þessu kynnast foreldrarnir. Þetta skilar sér áreiðanlega út í foreldrastarfið í skólanum.

Það var skoðun margra að skólarnir þyrftu að brjóta upp hið fasta og hefðbundna skólastarf og líta meira inn á við, fara í sjálfsskoðun. Skólafólk er allt of hrætt við að breyta til og nota óhefðbundar leiðir í náminu. Óánægja kennara með launakjör sín og skert sjálfsálit þeirra sem stéttar á kannski sinn hlut í þessu. Það er ljóst að breyta þarf vinnufyrirkomulagi skólanna, til að einhver hreyfing komist á þessi mál. Samstarfið eins og það er í dag er í mörgum tilfellum of formlegt, það byggir oft einungis á almennum upplýsingum um skólann, sem sendar eru heim með börnunum.

Foreldraviðtöl eru oftast aðeins 2svar á ári, 10 -15 mín. hvert sinn. Það segir sig sjálft hvað þau gera lítið!! Þeim verður að breyta svo þau skili meiri árangri. Viðtalstímar kennara eru illa nýttir í flestum tilfellum. Kennarar tala um að lítið sé hringt til þeirra. Koma ætti því á að kennarar hringdu í foreldra, í stað þess að beðið sé eftir því að foreldrar hringi. Þetta mætti gera á skipulegan hátt, þannig mætti sennilega ná í alla a.m.k. 2-3svar yfir veturinn. Við þetta myndast tengsl við alla foreldra, bæði þar sem börnunum gengur vel og þar sem einhver vandamál eru til staðar.

Sagt var frá því að í fornámi framhaldsskóla Suðurnesja hefði verið komið á kerfi þar sem kennari og foreldri töluðu saman í hverri viku. Aðra vikuna hringdi kennarinn en hina vikuna foreldrið, þetta var á fyrirfram ákveðnum tímum. Allir aðilar voru ánægðir með samstarfið og jókst áhugi með vaxandi samstarfi og upplýsingum. Það er einnig krafa skólans að foreldrar hjálpi börnum sínum með heimanámið **á virkan hátt!!** Þetta hefur gefist mjög vel.

Ákveðið vandamál hefur verið að fá foreldra til starfa og mörgum vex það í augum. Skoðun hópsins var að mikilvægt væri að skólarnir sköpuðu grundvöllinn fyrir foreldrastarfinu. Þeir verða að sýna í verki að þeir vilji að foreldrar séu virkir og fylgist með því sem fram fer innan skólans og reyni að hafa áhrif. Oft tala skólastjórnendur/kennarar um að þeir vilji hafa foreldrana með sér, en sýna annað í framkvæmd. Bæði foreldrar og kennarar þurfa að læra þessi samskipti.

Miklar væntingar eru gerðar til foreldraráða. Þau eru að feta sig áfram um hvernig þau eigi að vinna. Þau eiga t.d. að kynna og miðla til annarra foreldra upplýsingum um starf skólans. Sem umsagnaradili geta foreldraráðin alveg óyggjandi haft þó nokkur áhrif á skólamálin. Þangað þarf að veljast hæft og duglegt fólk.

Helstu hindranir fyrir óskasamstarfi heimila og skóla voru m.a. nefndar:

Kjarasamningar kennara/vinnulöggjöfin t.d. vegna fundartíma, bekkjarkvölda, foreldrafunda. Á vinnutíma eiga foreldrar oft erfitt með að fá frí, utan vinnutíma fá kennarar ekki greitt fyrir fundinn.

Í sambandi við kjarasamninga kennara má nefna bundinn vinnutíma kennara og nauðsyn þess að skólastjóri geti ráðstafað meira vinnutíma starfsmanna. Aukið foreldrastarf eykur á vinnu kennara, setja þarf á oddinn; einn bekkur = eitt stöðugildi.

Viðhorf í þjóðfélaginu/vinnuveitenda gagnvart barnafólki eru víða allt of neikvæð. Líta þarf á það sem eðlilegan hlut, bæði meðal atvinnurekenda, kennara og foreldra að foreldrar komi í skólana nokkrum sinnum á ári. Heimili og skóli þurfa að halda áfram að berjast fyrir breyttu viðhorfi, svo sjálfsagt þyki að foreldrar taki virkari þátt í sem flestum þáttum skólastarfsins, t.d. í skólaslitum og skólasetningu.

Viðhorf starfsfólks skóla eru hindrun ef það vill ekki fá foreldrana inn í skólana. Foreldrar eru oft mjög óöruggir um hver sé staða þeirra innan skólans og geta viðhorf þeirra líka verið hindrun ef þeim finnst að þeim komi skólarnir ekki við. Til þess að samstarf gangi þurfa allir aðilar að vilja starfa saman að sama markmiði. Skýrar línur vantar bæði frá foreldrum og skólum um gagnkvæmar væntingar. Það vantar tilfinnanlega inn í kennaranámið námskeið varðandi samskipti og hugsanlega einnig um stjórnun.

Samantekt:

- Því má aldrei gleyma að barnið skal ávallt vera leiðarljós í samstarfi heimila og skóla.
- Vinna þarf að því að efla foreldrafélög til meira frumkvæðis í starfi.
- Auka þarf fræðslu til foreldra til að styrkja þá í foreldrahlutverkinu.

- Með auknu samstarfi er verið að bæta skólann og það umhverfi sem börnin okkar eru í stóran hluta dagsins/ævinnar.
- Samskiptin verða að eiga sér stað reglulega og vera persónuleg, til að traust bönd myndist.
- Það verður ávallt að ríkja gagnkvæmt traust og virðing á milli aðila.
- Allir aðilar eiga að miðla upplýsingum á heiðarlegan hátt, það er til hagsbóta fyrir barnið.
- Bekkjarheimsóknir eru góð leið inn í skólann fyrir foreldrana, við þetta ættu að myndast góð tengsl.
- Auka þarf árangur/gildi foreldraviðtala.
- Kennaranámið þarf að endurskoða.
- Kjarasamningar, „einn bekkur = eitt starf“, þannig ættu kennarar að geta tekið meiri þátt í foreldrastarfi og fengið borgað fyrir það. Ekki er hægt að krefjast þess að kennarar mæti á fundi án þess að fá borgað fyrir það.

4.7 Hlutverk skólanefnda/sveitarstjórna í að efla samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum

Í hópnum voru: Hópstjóri: Eiríkur Hermannsson skólamálastjóri Reykjanesbæjar. Ritari: Bragi Michaelsson Sambandi íslenskra sveitarfélaga í forföllum Sigurjóns Péturssonar frá undirbúningshópi. Aðrir í hópnum voru: Sigrún Magnúsdóttir Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Úlfur Óskarsson Heimili og skóla, Sigurlaug Einarsdóttir FÍL/FL, Ásta St. Eiríksdóttir LFL og Njáll Sigurðsson menntamálaráðuneyti.

Þetta var tekið fyrir:

1. Seta foreldrafulltrúa í skólanefndum

Ekki liggur fyrir í lögum eða reglum kjörtími foreldrafulltrúa. Hópurinn telur rétt að setja reglur um fulltrúa, hverjir eigi að kjósa þá og hvaða tíma þeir eiga að sitja.

2. Starfsdagar og skólanámskrá

Í grunnskólalögum er ákveðið að skólanefndir skuli staðfesta skólanámskrá og skóladagatal, einnig á að senda þetta til umsagnar foreldraráða. Hópurinn telur rétt að skólastjórnendum verði skylt að skila þessu til skólanefndar fyrir 1. maí fyrir næsta skólaár og staðfesting skólanefndar liggja fyrir eigi síðar en í lok maí.

3. Upplýsingar til foreldra

Hópurinn ræddi um upplýsingaskyldu til foreldra um störf skólanefnda og ákvarðanir þeirra. Hópurinn telur rétt að SÍS haldi kynningarfundum fyrir skólanefndir sveitarfélaga að afloknum sveitarstjórnarkosningum, einnig annist sveitarstjórnir slíkar kynningar fyrir foreldraráð við leik- og grunnskóla.

4. Fjármál skóla

Farið var yfir fjárhagsáætlanir grunn- og leikskóla og hvernig staðið sé að gerð þeirra. Hópurinn telur rétt að upplýsa foreldra um fjármál skólanna og telur að setja þurfi reglur um á hvaða stigi slíkar upplýsingar séu látnar af hendi.

5. Frumkvæði skólanefnda

Rætt var um frumkvæði skólanefndar og á hvernig hátt hún geti haft áhrif og aukið fjölbreytni í skólastarfi. Í þessu sambandi var einnig rætt um frumkvæði hvað varðar nýbreytni í skólastarfi.

6. Foreldraráð og hlutverk þeirra

Farið var yfir hlutverk foreldraráða m.a. skyldur skólayfirvalda um að vísa til þeirra áætlunum um skólastarf, skólabyggingar og svo framvegis.

7. Dægradvöl/lengd viðvera eftir skólatíma

Farið var yfir tilboð sem sveitarfélög hafa verið með fyrir 6-8 ára börn/nemendur og með hvaða hætti skólastjórnir eigi að koma að því starfi. Sigrún Magnúsdóttir upplýsti að mál þessi hafi verið ítarlega rædd hjá fræðslufirvöldum í Reykjavík og fyrir lægi úttekt hjá þeim.

8. Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla

Hópurinn ræddi um samstarf grunn- og tónlistarskóla sérstaklega fyrir 6-8 ára börn/nemendur. Hópurinn telur nauðsynlegt að endurskoða lög um tónlistarskóla og fyrirkomulag þessarar kennslu.

9. Starfsdagar kennara

Kennsludagar og vistun nemenda. Hópurinn ræddi um heimildir skólanefnda til þess að auka starfsdaga fyrir foreldraviðtöl, einnig skólagöngu nemenda í öðrum sveitarfélögum og kostnað við þá kennslu.

4.8 Sameiginleg baráttumál foreldra og kennara í leik- og grunnskólum

Í hópnum voru: Hópstjóri: Hólmfríður Árnadóttir sérkennslufulltrúi Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Ritari: Íris H. Jónsdóttir LFL og undirbúningshópi. Aðrir í hópnum voru: Björg Bjarnadóttir FÍL/FL, Meyvant Þórólfsson KÍ, Stefanía Arnadóttir LFL, Kolbrún Gunnarsdóttir menntamálaráðuneyti, Sigríður Ólafsdóttir Endurskoðun aðalnámskrár og Halldór L. Björnsson Heimili og skóla.

Hópstjórinn bauð alla velkomna og kom með þá tillögu að allir aðilar kæmu með sína skoðun á því hvað þeir vildu taka fyrir í umræðuhópnum, hvað þeim þætti mikilvægustu umræðuefnin.

Þegar allir höfðu komið með tillögur um umræðuefni voru þessar eftirfarandi áherslur sem helstu baráttumál foreldra og kennara í leik- og grunnskólum:

- *Lífsleiknepakki, það er uppeldisgildi, vímulaus skóli, umgengni, kurteisi, agi og neysluvenjur, allt eru þetta grunnþarfir barna sem vert er að skoða í samhengi*
- *Öflug sérfræðipjónusta skóla*
- *Fagfólk í leik- og grunnskóla*
- *Þrýstingurá stjórnvöld til að sinna eftirliti, einkum mats -og eftirlitsdeild ráðuneytis*
- *Brúa bil á milli kennara og foreldra í grunnskólum*
- *Fjöldi nemenda í bekk*
- *Þrýsta á reglur til dæmis um aga og skóla*

Hópstjórinn ákvað svo í ljósi þessa að fyrsta umræðuefnið yrði svokallaður Lífsleiknepakki, það er eins og áður kom fram ágætt samheiti fyrir uppeldisgildi, umgengni, kurteisi, aga, vímulausan skóla og hollar neysluvenjur. Hópumræðurnar fóru þannig fram að hópstjórinn varpaði fram spurningu og var þá gengið á röð þátttakenda og fékk hver aðili að tjá sig um málið og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þannig gekk þetta koll af kolli, það voru miklar umræður í hópnum en hópurinn ræddi ekki endilega neinar sameiginlegar niðurstöður eða áform um hvernig hægt væri að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

1. Hvernig er uppeldisgildum fylgt eftir?

Virkja þarf mats- og eftirlitsdeild ráðuneytis betur í eftirlit að mati hópsins. Ljóst er að við eigum mikið magn af lögum og reglugerðum sem varða bæði leikskóla og grunnskóla. En hvernig er eftirliti með þeim háttað? Er því ekki ábótavant? Það teljum við og því viljum við hvetja stórnvöld til þess að sinna eftirliti með lögum og reglugerðum sem skyldi, þá gæti margt farið betur.

2. Hvernig er hægt að brúa bilið á milli foreldra og kennara?

Samstarf foreldra og kennara í grunnskólum landsins gæti verið betra. Við teljum að þar hafi myndast stór gjá sem mjög áriðandi er að brúa. Við vorum einnig sammála um að í leikskólunum sé samstarfið af öðrum toga og þessi gjá ekki sýnileg. Það virðist sem óformleg samskipti / viðtöl foreldra og leikskólakennara í upphafi dags þegar komið er með barnið og svo í lok dags þegar barnið er sótt brúi þetta bil í leikskólunum. Þar er aðgengi foreldra að upplýsingum um barnið betra. Grunnskólarnir ættu að setja sér þau markmið að verja tíma með foreldrum í óformlega samskipti. Það ætti að vera í stefnu hvers skóla að viðurkenna tíma í óformleg samskipti, endurskoða ber skilgreiningu á vinnutíma kennara, þeir þurfa að auka tímann sem fer í samskipti

við foreldra. Nauðsynlegt er þó einnig að brúa bilið á milli leikskóla og grunnskóla í þá átt að samræma betur námsefni / námskrár þannig að ekki verði um endurtekningar að ræða hjá börnum er þau koma í grunnskólann.

3. *Hollar neysluvenjur*

Nesti allan daginn allt árið er ekki æskilegt. Foreldrar þrýsti á sveitastjórnir með úrbætur og minni á mikilvægi máltíðarinnar. Sameiginleg máltíð kennara og barna í skóla væri æskileg, þetta er hægt í leikskólunum, af hverju ekki í grunnskólunum?

4. *Vímulaus skóli*

Samstarf foreldra og skóla í að sporna við vímuefnavandanum er mjög mikilvægt. Efla þarf forvarnir með fræðslu bæði til foreldra og barna og er það mjög brýnt verkefni, foreldrafélögin komi þar inn í. Mikilvægt að skólareglur og viðurlög við brotum á reglum séu skýr. Nemendum og foreldrum skal vera ljóst við upphaf skólagöngu hverjar eru reglur skólans og hver eru viðurlögin við brotum á þeim. Hægt væri til dæmis að hafa reglur og viðurlög sem unglingar og foreldrar voru látnir samþykkja með undirskrift við upphaf skólagöngu, þannig að það liggi ljóst fyrir strax hvernig verður brugðist við brotum á reglum.

5. *Skólinn þarf að gera sér grein fyrir hvað er kennsla, hvað er uppeldi og hvar mörkin liggja*

Annað mikilvægt baráttumál foreldra og kennara er að sjálfsögðu sérfræðipjónustan, nauðsynlegt er að hafa öflugra sérfræðipjónustu í leik- og grunnskólum.

Hópurinn var sammála um að fagteymi þyrfti í alla skóla, bæði leik- og grunnskóla. Sú þjónusta ætti að vera aðgengileg kennurum og foreldrum í leik- og grunnskólum. Öflug sérfræðipjónusta myndi skila sér í minni óhamingju. Hér þarf að vera skýr stefna, ólíkar stéttir sérfræðipjónustunnar vinni af öryggi. Hugsanlega reglugerð þar um?

Greining barna, sértæk vandamál barna, hvert er aðgengi barna sem eiga við vandamál að stríða? Er hugsanleg gjá á milli kennara og sérfræðinga? Hvenær er rétti tíminn til að grípa inn í? Eiga leikskólabörn að bera með sér ýmsar prófanir inn í grunnskólana sem gerðar hafa verið á leikskólanum meðan þau dvöldu þar?

Hvaða breytingar? Hugsanlega fleiri greiningarpróf/ kembipróf í grunnskólum í skóla-byrjun. Áríðandi er að barn fái stuðning eins fljótt og hægt er og hér má ekki spara, því mikið er í húfi. Áhersla verði lögð á þennan þátt í kennaramenntun þannig að kennarar séu meðvitaðir um vanda barna og taki á málum þeirra fyrr.

Hvernig geta kennarar og foreldrar tekið höndum saman um þessi mál? Atriði er að þeir vinni saman í því að vekja athygli á niðurskurði til sérfræðipjónustu í landinu. Vakinn var athygli á því að ekki er talað um sérkennslu í nýju grunnskólalögnum?

Síðast en ekki síst þarf hæft starfsfólk að starfa í leik- og grunnskólum, þ.e. fólk með réttindi. Við verðum að vekja athygli á því að ef við ætlum að fá hæft starfsfólk í þessi störf þá megum við ekki gleyma kjörum og vinnuaðstæðum þessa fólks. Þetta eru mikil og áríðandi baráttumál foreldra sem vilja umfram allt hlúa að framtíð barna sinna. Einnig var rætt um að æskilegt væri að hafa færri nemendur í bekk.

Hópurinn var sammála þeirri tillögu sem kom fram að Aðalnámskrá grunnskóla og Uppeldisáætlun fyrir leikskóla þyrfti að vera sýnilegri fyrir foreldra, þær ættu að vera til á hverju heimili.

Samstarf kennara og foreldra í leik- og grunnskólum er sannarlega brýnt. Sameiginleg baráttumál kennara og foreldra er því verðugt samstarfsverkefni, samstilltur hópur foreldra og kennara ætti að vera sterkt afl í að þrýsta á

stjórnvöld til athafna í þeim fjölmörgu og brýnu baráttumálum sem ljóst er að við eigum við að glíma.

4.9 Nemendaráð í grunnskólum

Í hópnum voru: Hópstjóri: Ólafur Guðmundsson skólastjóri Kópavogsskóla. Ritari: Kristín Jónsdóttir, Kennarasambandi Íslands og undirbúningshópi. Aðrir í hópnum voru: Guðbjartur Hannesson Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jóhann Ásmundsson Endurskoðun aðalnámskrár, Kristín Alfreðsdóttir LFL, Sigrún Jónsdóttir menntamálaráðuneyti, Sigurður A. Ármannsson Heimili og skóla, Birgir Stefánsson, Birna Eik Benediktsdóttir og Lára Rúnarsdóttir, Nemendaráði Kópavogsskóla.

Staða og hlutverk nemendaráða

Endurskoða þarf lagaákvæði um nemendaráð og setningu reglugerðar um starfshætti þess (kosning og kjörgengi, verksvið, staða þess innan skóla, starfsaðstaða). Rætt var um samstarf milli nemendaráða og möguleika á að stofna sveitarfélagasamtök, héraðssamtök, landshlutasamtök og landssamtök. Fram kom að e.t.v. væri þungt í vöfum að vera með landssamtök og því heppilegra að hafa landshlutasamtök. Eins mætti nota netið fyrir fundahöld á landsvísu. Rætt var um að hafa sér nemendaráð fyrir 6. - 7. bekk. Þá fengju nemendur meiri þjálfun í félagsstörfum. Mismunandi viðhorf eru til nemendaráða inni í skólunum. Nemendaráð sinna fyrst og fremst afþreyingu en æskilegt er að þau komi að fleiri þáttum s.s. ýmsum hagsmuna- og velferðarmálum. Umræða um einelti á t.d. heima hjá nemendum sjálfum því nemendur taka oft mark á jafnöldrum ekki síður en fullorðnum.

Félagsmálafræðsla í grunnskólum

Efla þarf félagsmálafræðslu í skólum þar sem m.a. verði fjallað um ábyrgð nemandans, réttindi hans og skyldur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Hvað er gert skipulega í því að búa nemendur undir líf og starf, þjálf þá í að koma fram, tjá sig og taka ákvarðanir? Æskilegt væri að ætla eina stund á viku fyrir þennan þátt strax í 7. bekk. Allir nemendur fái sams konar þjálfun svo hver og einn verði fær um að starfa í nemendaráði og nemendahópurinn verði öflugt bakland þeirra fulltrúa sem kosnir eru.

Samstarfsvettvangur

Samkvæmt grunnskólalögum skulu skólastjórar boða a.m.k. tvisvar á ári til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til þess að veita upplýsingar um skólastarfið og fjalla um málefni þessara ráða. Efla þarf samstarfsvettvang foreldraráðs - kennararáðs - nemendaráðs og fá slíkum vettvangi ákveðin verkefni.

Umsagnarréttur nemenda

Nemendaráð fái formlegan umsagnarrétt um tiltekin mál og ráðrúm til að bera þau undir aðra nemendur. Þarna má t.d. nefna skólareglur, stundatöflur, aðbúnað og lóðarskipulag. Skilgreina þarf hvernig nemendur eiga að koma að ákvarðanatöku og hvar þeir geta verið umsagnaraðilar.

Starfshættir grunnskóla

Fram fari rannsókn á starfsháttum grunnskólans. Hver ræður? Hver tekur ákvarðanirnar? Eru lýðræðisleg vinnubrögð ríkjandi í grunnskólunum? Þetta gæti verið verðugt verkefni fyrir Kennaraháskólann.

Ágreiningsmál

Boðleiðir fyrir ágreiningsmál verði skýrðar fyrir nemendum og foreldrum. Leiðbeint verði um þessar boðleiðir alltaf þegar mál koma upp.

Umræða um skólamál

Umræðunni um skólastarf sem samstarfsverkefni kennara, nemenda foreldra og yfirvalda verði sífellt haldið við. Reynt verði eftir föngum að hampa því sem vel gengur og miðla upplýsingum um verkefni sem vel hefur tekist til með.

Tómstundastarf

Tómstundastarf í skólum verði endurskoðað. Það verði fjölbreyttara og styðji við samstarf skóla, foreldra og nemenda t.d. með námskeiðum og bekkjarkvöldum.

5. Meginniðurstöður málþingsins

Öflugt samstarf heimila og skóla er einn af hornsteinum skólastarfs í leik- og grunnskólum. Velferð nemenda byggist á góðu samstarfi heimila og skóla. Traust tengsl foreldra og skóla þurfa að byggjast á góðu samstarfi, gagnkvæmri upplýsingamiðlun, gagnkvæmu trausti, virðingu og sameiginlegri ábyrgð. Foreldrar þurfa að eiga þess kost að taka beinan þátt í skólastarfi.

- Brúa þarf bilið milli leikskóla og grunnskóla með markvissum hætti, bæði milli samtaka foreldra og kennara á báðum skólastigum og með skipulögðum tengslum þessara hópa í einstökum sveitarfélögum og skólhverfum. Einkum þarf að huga að fræðslu til foreldra við upphaf leikskóla og upphaf grunnskóla.

- Brýnt er að foreldrar og starfsfólk leik- og grunnskóla vinni saman að fjölmörgum sameiginlegum baráttumálum sem miða að betri menntun barna og ungmenna og aukinni almenntri velferð þeirra. Samstilltur hópur foreldra og kennara er sterkt afl til að þrýsta á fræðsluyfirvöld til athafna í fjölmörgum baráttumálum, t.d. fyrir bættri aðstöðu og sérfræðipjónustu. Einnig eru fjölmörg baráttumál þess eðlis að vinna þarf að þeim með samstilltum hætti í skólasamfélaginu, t.d. hvað varðar almenn uppeldisgildi, umgengni, aga, kurteisi, vímulausan skóla og hollar neysluvenjur.

- Mikilvægt er að hvert skólasamfélag, bæði í leikskólum, grunnskólum og einnig framhaldsskólum, leiti stöðugt leiða til að móta, rækta og festa í sessi eins gott samstarf heimila og skóla og framast er unnt á sem flestum sviðum. Fullyrða má að foreldrar séu vannýtt auðlind í skólastarfi og skólar ættu að leita leiða til að virkja þá auðlind á jákvæðan hátt til að bæta skólastarfið á öllum sviðum.

- Foreldraráð í grunnskólum hafa ekki formleg völd en hafa sterkt aðhaldshlutverk sem þarf að vera með jákvæðum hætti. Þau eru formlegur vettvangur foreldra fyrir umfjöllun um skólahald og skólanámskrá og verða að fá tækifæri til að veita reglulega umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir um skólahald. Jákvæð reynsla er almennt af foreldraráðum í grunnskólum og talið er æskilegt að koma á svipuðum vettvangi fyrir foreldra í leikskólum. Slík umræða þarf að fara fram meðal foreldrafélaga í leikskólum.

- Brýnt er að leita leiða til að koma í veg fyrir ágreiningsmál milli skóla og heimila annars vegar og innan skóla hins vegar. Bæta þarf upplýsingastefnu skóla og skýra þarf boðleiðir milli aðila innan skólans og við aðila utan hans. Allir skólar þurfa að vinna að skólareglum í samvinnu við nemendur og foreldra, kynna þarf reglurnar rækilega og fram þurfa að koma agaviðurlög.

- Sveitarfélög eiga að leita umsagnar foreldraráða við grunnskóla um áætlanir um skólahald, viðhald og skólabyggingar áður en gengið er frá áætlunum. Skólanefnd ætti að veita foreldrum upplýsingar um störf sín. Skólanefnd á að fylgjast með því að öll börn njóti lögbundinnar kennslu í grunnskólum og getur haft frumkvæði að ýmsum nýjungum í skólastarfi, t.d. í samstarfi við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

- Efla þarf starfsemi nemendaráða í grunnskólum og veita nemendum betri undirbúning til að starfa á slíkum vettvangi, t.d. með félagsmálafræðslu. Æskilegt er að stofnuð verði samtök nemendaráða í grunnskólum, a.m.k. innan sveitarfélaga til að byrja með. Efla þarf samstarfsvettvang nemendaráðs, kennararáðs og foreldraráðs. Æskilegt er að nemendaráð beiti sér fyrir umræðu um ýmis hagsmuna- og velferðarmál nemenda, t.d. hvað varðar aðbúnað, kennslu, skólareglur, tómstundastarf og baráttu gegn einelti og notkun vímuefna.

- Mjög mikilvægt er að ákvæði séu skýr um samstarf heimila og skóla í uppeldisáætlun leikskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Samstarfið miðist einkum að því að tryggja sem best almenna velferð hvers nemanda en jafnframt verði lögð áhersla á að samstarfið snúist um inntak menntunar og áherslur í námi einstakra námsgreina og þátta.

- Endurskoða þarf menntun kennara og endurmenntun þeirra til að þeir geti á ábyrgan hátt sinnt víðtæku samstarfi heimila og skóla og almennt samskiptum við fullorðna.

Samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum Frá orðum til athafna

*Dagskrá málþings 17. okt. 1997 á Grand Hótel í Reykjavík,
Sigtúni 38, frá kl. 9.00-16.00*

*Fundarstjóri er Guðrún Þórsdóttir, kennslufulltrúi,
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur*

- 8.30-9.00 Skráning og heitt á könnunni
- 9.00. Setning málþings
- 9.05-9.20 *Ávarp menntamálaráðherra, Björns Bjarnasonar
Kór Hálsaborgar*
- 9.30-9.45 *Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna. Réttur nemenda innan
skólans.*
- 9.45-10.00 *Nemendur frá Hvaleyrarskóla. Gildi samstarfs heimilis og
skóla frá sjónarhóli nemenda.*
- 10.00-10.30 Kaffihlé og tónlist frá Háteigsskóla.
- 10.30-12.00 *Viðhorf, stefna og áherslur í samstarfi heimila og skóla út frá
ýmsum sjónarhornum. Stuttar fyrirspurnir.*
- *Sigrún Magnúsdóttir - Sambandi íslenskra sveitarfélaga*
 - *Björg Bjarnadóttir - Félagi íslenskra leikskólakennara*
 - *Kristín Dýrfjörð - Faghópi leikskólastjóra*
 - *Elísabet Gísladóttir - Landssamtökum foreldrafélaga leikskóla*
 - *Guðrún Ebba Ólafsdóttir - Kennarasamband Íslands*
 - *Ragnar Þorsteinsson - Skólastjórafélag Íslands*
 - *Jónína Bjartmarz - Heimili og skóla*
- 12.00-12.30 Skipt í 9 umræðuhópa sem settir eru af stað fyrir hádegishlé.
- 12.30-13.30 Hádegishlé. Gert er ráð fyrir að hóparnir borði saman.
- 13.30-15.00 Hópumræður halda áfram.
- 15.00-15.20 Kaffihlé
- 15.20-16.00 Stutt greinargerð allra hópa, samantekt, umræður, ályktanir, þingslit

*Menntamálaráðuneytið heldur málþingið í samstarfi við Félag íslenskra
leikskólakennara, Faghóp leikskólastjóra, Landssamtök foreldrafélaga í leikskólum
(LFL), Kennarasamband Íslands, Skólastjórafélag Íslands, Landssamtökin Heimili og
skóla og Samband íslenskra sveitarfélaga.*

*Ákveðinn fjöldi fulltrúa kemur frá hverjum hópi og gert er ráð fyrir um 70 manna þingi.
Málþingið er þátttakendum að kostnaðarlausu.*

Samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum

Frá orðum til athafna

Meginviðfangsefni umræðuhópa

1. Kennaramenntun og foreldrasamstarf í leik- og grunnskólum

Hvernig eru verðandi kennarar undirbúnir að takast á við samstarf heimila og skóla? Hvaða endurmenntun er æskileg, stendur til boða, hvaða rannsóknir eru unnar hér á landi?

Hópstjóri: *Ragnhildur Bjarnadóttir lektor við Kennaraháskóla Íslands*

2. Meðferð ágreiningsmála (stjórnsýsla skóla)

Ágreiningur milli foreldra og skóla, barna og skóla, boðleiðir, reglur. Skólareglur, viðurlög, stjórnsýslulög, reglugerð um aga og skólareglur, grunnskólalög.

Hópstjóri: *Pórunn J Hafstein skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu*

3. Verksvið foreldraráða í grunnskólum, samstarfsvettvangur heimila og skóla

Starfsreglur, reynsla, þróun, verksvið, eftirlitsskylda, ráðgjöf, þjónusta. Tengsl foreldraráða við foreldrafélög. Tengsl foreldraráða á landinu. Eiga foreldraráð líka að vera í leikskólum?

Hópstjóri: *Snjólfur Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands*

4. Gildi foreldraviðtala í leik- og grunnskólum (Árangursrík foreldraviðtöl)

Gæði viðtala, undirbúningur, skipulag, markmið, gagnkvæm miðlun, hvaða starfsmenn eiga foreldrar að ræða við? Hvaða upplýsingar? Erfiðleikar, vandamál. Eiga nemendur að vera með? Foreldradagur/Kennsludagur? Viðtöl við erlenda foreldra.

Hópstjóri: *Elisabet Berta Bjarnadóttir félagsráðgjafi við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar*

5. Um hvað á samstarf heimila og skóla að snúast í leikskóla?

Samstarf um einstaklinginn, um deild, árgang, skólastig, skóla í heild, milli skóla, í sveitarfélagi, milli foreldra. Þátttaka foreldra. Ábyrgð foreldra á uppeldi og námi barna. Innra starf leikskóla. Foreldrafélög.

Hópstjóri: *Guðrún Alda Harðardóttir lektor við Háskólann á Akureyri*

6. Um hvað á samstarf heimila og skóla í grunnskóla að snúast?

Samstarf um einstaklinginn, um deild, bekk, árgang, skólastig, skóla í heild, milli skóla, í sveitarfélagi, milli foreldra (jafningjafræðsla foreldra?). Þátttaka foreldra. Ábyrgð foreldra á námi barna. Innra starf grunnskóla. Foreldrafélög.

Hópstjóri: *Sigrún Ágústsdóttir námsráðgjafi í Réttarholtsskóla*

7. Hlutverk skólanefnda/sveitarstjórna í að efla samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum

Hlutverk sveitarstjórna, skólanefnda, erindisbréf skólanefnda, frumkvæði, eftirlit, þróun- og nýbreytni o.fl.

Hópstjóri: *Eiríkur Hermannsson skólamálastjóri Reykjanesbæjar*

8. Sameiginleg baráttumál foreldra og kennara í leik- og grunnskólum.

Undir þetta meginþema falla fjölmörg svið, t.d. þrýstingur á stjórnvöld vegna fjölmargra mála sem lúta að aðbúnaði og menntun barna, áhersla á sérfræðiþjónustu skóla, fjölda nemenda í bekk og að hæft starfsfólk starfi í leik og grunnskólum. Einnig lenda hér ýmis sameiginleg baráttumál kennara og foreldra, t.d. hvað varðar uppeldisgildi, vímulausan skóla, umgengni, kurteisi, aga, hollar neysluvenjur o.fl.

Ræða hvernig allir þessir aðilar geta stillt sem markvissast saman strengi í þessum málum.

Hópstjóri: *Hólmfríður Árnadóttir sérkennslufulltrúi Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar*

9. Nemendaráð í grunnskólum

Staða nemendaráða í grunnskólum, gildi þeirra, starfsreglur, verksvið. Þjálfun nemenda í lýðræðislegum vinnubrögðum og áhrif þeirra á eigin mál. Samstarf nemendaráðs, foreldraráðs og kennararáðs.

Hópstjóri: *Ólafur Guðmundsson skólastjóri Kópavogsskóla*

*Samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum
Frá orðum til athafna*

Undirbúningshópur

Guðni Olgeirsson
menntamálaráðuneyti,
Sölvhólsgötu 4,
150 Reykjavík
vs. 560 9564
hs. 588 7273
gudni.olgeirsson@mrn.stjr.is

Íris Hulda Jónsdóttir
Landssambandi foreldrafélaga í
leikskólum
Lerkihlíð 15
105 Reykjavík
hs. 568 2868

Hafdís Steingrímsdóttir
Landssambandi foreldrafélaga í
leikskólum
Fífuseli 13
109 Reykjavík
hs. 567 0890

Guðný Steina Erlendsdóttir
Faghópi leikskólastjóra
Hjallabraut 4
220 Hafnarfjörður
vs. 555 3484
hs. 565 2603

Ingigerður Heiðarsdóttir
Félagi íslenskra leikskólakennara
Fífuseli 13
109 Reykjavík
vs. 533 6300
hs. 557 9354

Unnur Halldórsdóttir
Heimili og skóla
Sóltúni 24
105 Reykjavík
vs. 562 7475
hs. 557 4348
unnurh@ismennt.is

Jónína Bjartmarz
Heimili og skóla
Klyfjaseli 18
109 Reykjavík
vs. 562 2311
hs. 557 1264

Kristín Jónsdóttir
Kennarasambandi Íslands
Dalseli 40
109 Reykjavík
vs. 557 3000
hs. 557 5873

Marsibil Ólafsdóttir
Skólastjórafélagi Íslands
Hvaleyrarskóla
Akurholti 1
220 Hafnarfjörður
vs. 565 0200
hs. 565 7610

Sigurjón Pétursson
Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Háaleitisbraut 11-13
108 Reykjavík
vs. 581 3711

Listi yfir gögn sem fóru til þátttakenda

Samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum Frá orðum til athafna

a) Gögn til allra þátttakenda

- *Dagskrá*
- *Listi yfir þátttakendur og undirbúningshóp*
- *Lög um grunnskóla nr. 66/1995*
- *Lög um leikskóla nr. 78/11994*
- *Skólafestfna Kennarasambands Íslands 1997-2000, (eitt blað)*
- *Samskipti heimila og skóla. Kristinn Breiðfjörð, rannsóknarverkefni 1995, (brot)*
- *Menntun er samstarfsverkefni, (brot úr skýrslu um samnefnda ráðstefnu)*

b) Sérstök gögn til nokkurra umræðuhópa

Hópur 2. Meðferð ágreiningsmála (stjórnsýsla skóla)

- **Reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum nr.385/1996**
- **Stjórnsýslulög nr. 37/1993**
- **Upplýsingalög nr. 579/1996**
- **Yfirlit yfir fyrirspurnir, o.fl. vegna laga um grunnskóla. Útg. menntam.r. 1997**
- **Erindisbréf fyrir kennara í grunnskólum**
- **Erindisbréf fyrir skólastjóra**

Hópur 3. Verksvið foreldraráða í grunnskólum, samstarfsvettvangur heimila og skóla

- **Foreldraráð við grunnskóla.
Niðurstöður úr könnun menntamálaráðuneytisins 1996.**
- **Foreldraráð. Hugmyndir um stofnun og starfsemi foreldraráða við grunnskóla. Útg. Heimili og skóli 1995**

Hópur 7. Hlutverk skólanefnda/sveitarstjórna í að efla samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum

- **Erindisbréf fyrir kennara í grunnskólum**
- **Erindisbréf fyrir skólastjóra**
- **Erindisbréf fyrir skólanefndir**

Hópur 9. Nemendaráð í grunnskólum

- **Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992**
- **Niðurstöður könnunar umboðsmanns barna á starfsháttum nemendaráða grunnskóla skólaárið 1995-1996.**